

Greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

Við framlagningu ársuppgjörs Reykjavíkurborgar 2020



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Framkvæmd og skipulag KFS	1
Greining þjónustubátta	2
Börn og menningaruppeldi.....	8
Sóknarfæri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar	8
Jafnréttisskimun og jafnréttismat	9
Viðaukar við samþykktu áætlun 2020	9
Skuldbindingar og áhættur.....	11
Fjárfestingaráætlun	11
Jafnréttismat á breytingu á opnunartíma leikskóla	12
Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum borgarráðs til viðspyrnu gegn Covid-19	13
Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu	14
Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020.....	15
Viðauki II. Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats.....	20
Viðauki III. Eyðublað vegna jafnréttisskimunar	22
Viðauki IV. Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum borgarráðs til viðspyrnu gegn Covid-19	23

Myndaskrá

Mynd 1. Nýtt skipulag KFS.....	1
--------------------------------	---

Töfluskrá

Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.	2
Tafla 2. Yfirlit yfir stöðu greininga á Íþrótt- og tómstundasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.....	4
Tafla 3. Yfirlit yfir stöðu greininga á Menningar- og ferðamálasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.....	5
Tafla 4. Yfirlit yfir stöðu greininga á Skóla- og frístundasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.....	6
Tafla 5. Yfirlit yfir stöðu greininga á Umhverfis- og skipulagssviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.....	7
Tafla 6. Yfirlit yfir stöðu greininga á Velferðarsviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.	8
Tafla 7. Samantekt á fjölda jafnréttisskimana (úthlutað fjármagn).	9
Tafla 8. Viðaukar og skimanir við samþykktu fjárhagsáætlun 2020.	10
Tafla 9. Yfirlit yfir breytingar (viðauka) á samþykktu fjárhagsáætlun 2020 sem hlutu jafnréttisskimun.	10
Tafla 10. Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020. .	11
Tafla 11. Jafnréttisskimanir á verkefnum og tillögum vegna fjárfestingaráætlunar.	11

Inngangur

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (nú lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lög um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020), mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.


Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustubátta annars vegar (FMS-VLR-087) og jafnréttisskimun og -mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun hins vegar (FMS-VLR-086 og FMS-VLR-048). Þá ber einnig að beita jafnréttisskimun og -mati vegna nýrra verkefna eða breytingum á fjárfestingaráætlun (FMS-STE-001).

Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2020 með áherslu á eftirfarandi:

- Innleiðingu jafnréttisskimunar
- Aðgerðir til viðspyrnu vegna Covid-19

Framkvæmd og skipulag KFS

Framkvæmd og skipulag KFS hefur verið í nokkuð stöðugu endurmati frá því að innleiðing á KFS hófst árið 2011. Unnið er að því að finna hvernig best hentar að vinna verkefnið. Starfræktur er stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Borgarráð skipar í hópinn, en í honum eiga sæti þrír fulltrúar, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta. Stýrihópurinn ber ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu KFS hjá fag- og kjarnasviðum, ásamt miðlægum skrifstofum og stofnunum Reykjavíkurborgar. Í október 2019 samþykkti Borgarráð tillögu stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun um breytingu á skipulagi vinnunnar (R18090217). Helstu breytingarnar voru þær að ábyrgð á KFS var færð ótímabundið til sviðsstjóra og settir voru á fót starfshópar um KFS á fag- og kjarnasviðum. Hlutverk starfshópanna er að leiða og styðja við vinnu KFS á sínu sviði. Það felur m.a. í sér að leiða greiningarstarf sviðanna og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðum greininga ásamt því að sjá til þess að jafnréttisskimanir séu gerðar.



Mynd 1. Nýtt skipulag KFS¹.

¹ MOS er nýlegt svið og ekki hefur verið stofnaður starfshópur þar enn sem komið er.

Greining þjónustupátta

Markmiðið með greiningu þjónustupátta er að kortleggja hvort halli á eitt kyn eða þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þegar kemur að þjónustu borgarinnar við íbúa og ráðstöfun fjármagns. Með markvissum greiningum þjónustupátta er unnt að meta hvort aðgerða sé þörf og þá hvaða aðgerða. Samkvæmt verklagsreglu um KFS hjá Reykjavíkurborg þá ber fagsviðum að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Í viðauka I má finna greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2020.

Á árinu 2020 var lítið um greiningar á þjónustupáttum, að hluta til vegna áhrifa Covid-19 á starfsemi fagsviðanna. Lokið var við eina greiningu, en það var framhaldsgreining á þátttöku barna og unglunga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkur. Sambærileg greining var birt árið 2014. Þá er væntanleg skýrsla með samantekt á þróun nýtingar frístundakortsins fyrir árin 2012-2019. Búið er að vinna tölulega greiningu og skýrslan er í vinnslu.

Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.

Íþrótt- og tómstundasvið	Ár
Aðsókn í sundlaugar	2012
Frístundakortið	2012
Fjárfesting íþróttafélaga	2013
Ráðningar í sumarstörf	2015
Styrkir til íþróttafélaga	2016
Aðsókn í fjölskyldu og húsdýragarðinn	2018
Hitt húsið - Þátttaka í Músiktilraunum	2018
Menningar- og ferðamálasvið	Ár
Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur	2012
Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs 2007-2011	2012
Börn og menningaruppeldi: Könnun á þátttöku barna og unglunga í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar	2014
Skráning og könnun kyngreindra gagna varðandi þjónustu við gesti í stofnunum Menningar- og ferðamálasviðs	2015
Viðhorfsskönnun meðal barna í fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um opunarviðburð Barnamenningarhátíðar	2016
Kynjamunur erlendra ferðamanna í Reykjavík 2010-2015	2016
Börn og menningaruppeldi - Framhaldsgreining og samanburður	2020
Skóla- og frístundasvið	Ár
Börn ári fyrir á leikskóla – áhrif á dagforeldra, starfsfólk leikskóla og foreldra	2012
Þátttaka foreldra í foreldrafélögum og ráðum í leik- og grunnskóla	2012
Þátttaka 13-16 ára unglunga í félagsmiðstöðvastarfi	2012
Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS	2014
Sérkennsluúthlutun í grunnskólum	2015
Þátttaka 10 - 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi	2015
Greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015	2016
Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum	2018
Umhverfis- og skipulagssvið	Ár
Skipulagsmál	2013
Hjólreiðaáætlun	2016
Byggingafulltrúi	2016
LUKR og landupplýsingar	2016
Grasagarður	2016

Vinnuskólinn	2017
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	2017
Samgöngumál	2018
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019
Velferðarsvið	Ár
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk	2012
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra	2012
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2014
Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	2015
Stuðningsþjónusta	2016
Búsetuúrræði	2017
Dagþjónusta	2017
Heimaþjónusta	2019
Heimahjúkrun	2019
Hjúkrunarheimili	2019
Þjónustuíbúðir	2019
Miðlæg stjórnsýsla	Ár
Þjónusta við fasteignir - framkvæmda- og eignasvið	2012
Greining skipulags- og byggingarsviðs á Borgarsamfélagið	2012
Betri Reykjavík fyrir konur og karla	2012
Greining á atvinnuátaki	2013
Þjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur og styrkir	2013
Áhrif leikskólalokunar á atvinnuþátttöku	2014

Í töflum tvö til sex hér á eftir er að finna yfirlit yfir stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 sem samþykkt var í borgarstjórn 3. desember 2019². Í töflunum er yfirlit yfir sundurliðuð heildargjöld og tekjur viðkomandi málaflokks og tilgreint þar sem KFS greiningar hafa verið framkvæmdar. Jafnframt eru merktir þeir þjónustupættir sem að hluta til hafa verið gerðar greiningar á eða greiningar eru í vinnslu.

² https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/samthykt_fjarhagsaaetlun_2020-2024.pdf

Tafla 2. Yfirlit yfir stöðu greininga á Íþrótt- og tómstundasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustubátta skv. fjárhagsáætlun 2020.

Íþrótt- og tómstundasvið	Áætlun 2020			KFS	
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda / í vinnslu	KFS greining
Þjónustubáttur					
Yfirstjórn ÍTR	196.475		196.475	n/a	n/a
Sundlaugar	2.701.426	962.856	1.738.570	já	
Íþróttamál (mannvirki)	1.015.310	40.051	975.258		
Skíðasvæðin	461.939	351.201	110.738		
Önnur starfsemi	1.376.728	262.050	1.114.678		
Atvinnumál	74.381		74.381		
Hitt húsið	221.158	6.220	214.938	já	
Frístund fatlaðra framhaldsskólanema	283.902	25.406	258.495		
Ylströnd í Nauthólsvík	93.742	14.699	79.043		
Siglingar í Nauthólsvík	32.649	4.739	27.910		
Fjölskyldu- og húsdýragarður	537.645	210.985	326.660		já
Miðlæg verkefni	75.346		75.346		
Styrkir	4.596.351	69.732	4.526.618	já	
Styrkir	3.865.396	69.732	3.795.664		
Frístundakort	730.955		730.955		já
Samtals	10.348.227	1.685.891	8.662.337		
Yfirstjórn frátalin	10.151.753	1.685.891	8.465.862		
KFS greining þjónustubátta	1.268.600	210.985	1.057.614		12%

Tafla 3. Yfirlit yfir stöðu greininga á Menningar- og ferðamálasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta skv. fjárhagsáætlun 2020.

Menningar- og ferðamálasvið		Áætlun 2020			KFS
Þjónustupáttur	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda / í vinnslu	KFS greining
Yfirstjórn	123.026		123.026		
Höfuðborgarstofa	334.883	148.530	186.354		
Barnamenningarhátíð				já	
Viðhorf og hegðun ferðamanna				já	
Borgarbókasafn Reykjavíkur	1.101.145	47.840	1.053.305		
Börn og menningaruppeldi				já	já
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Útlán og "bókin heim"				já	
Listasafn Reykjavíkur	595.935	134.543	461.392		
Börn og menningaruppeldi				já	já
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Listaverkakaup				já	
Borgarsögusafn Reykjavíkur	823.802	203.335	620.467		
Börn og menningaruppeldi				já	já
Samsetning og viðhorf gesta				já	
Önnur menningarstarfsemi	207.323	32.034	175.289		
Styrkir og samstarfssamningar	1.589.356	60	1.589.296	já	
Framlög	1.015.328		1.015.328		
Annað	58.135		58.135		
Samtals	5.848.934	566.341	5.282.592		
Yfirstjórn frátalin	5.725.908	566.341	5.159.566		
KFS greining þjónustupátta					0%

Tafla 4. Yfirlit yfir stöðu greininga á Skóla- og frístundasviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustubátta skv. fjárhagsáætlun 2020³.

Skóla- og frístundasvið	Áætlun 2020			KFS	
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda / í vinnslu	KFS greining
Þjónustubáttur					
Skóla- og frístundasvið - yfirstjórn	1.590.307	17.000	1.573.307		
Ráð og yfirstjórn	1.157.084	17.000	1.140.084		
Miðlægir liðir	433.223		433.223		
Þróunarstyrkir og almennir styrkir	200.000		200.000		já
Myndver	248		248		
Kannanir					
Miðlægur kostnaður SFS	189.772		189.772		
Fastir styrkir	43.204		43.204		
Frístund	4.482.204	565.370	3.916.834		
Frístundamiðstöðvar	1.217.099	6.356	1.210.743		
Frístundaheimili og frístundaklúbbar	3.070.386	559.014	2.511.372		já*
Miðlæg verkefni	194.719		194.719		
Leikskólar og dagforeldrar	17.430.596	1.553.845	15.876.751		já*
Leikskólar og tengdir liðir	14.335.007	1.553.845	12.781.162		
Sjálfstætt starfandi leikskólar	2.675.110		2.675.110		
Dagforeldrar	420.478		420.478		
Þjónustutrygging samtals					
Miðlæg þjónusta og safnliðir					
Grunnskólar	31.605.035	1.873.844	29.731.191		já*
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	923.406		923.406		
Sérskólar	1.886.177	11.358	1.874.819		
Grunnskólar og tengdir liðir	24.978.215	1.627.137	23.351.079		
Sameinaðir leikskóli, grunnskóli og frístund	3.817.237	235.349	3.581.887		
Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	1.845.513	65.119	1.780.394		
Listaskólar og skólahljómsveitir	1.634.822	20.119	1.614.703	já	
Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar	210.691	45.000	165.691		
Samtals	56.953.655	4.075.178	52.878.477		
Yfirstjórn frátalin	55.363.348	4.058.178	51.305.170		
KFS greining þjónustubátta	2.244.190	15.000	2.229.190		4%

³ *vissir þættir innan þjónustubáttarins hafa verið greindir (sbr. töflu 1) en þjónustubátturinn í heild sinni hefur ekki verið greindur ítarlega.

Tafla 5. Yfirlit yfir stöðu greininga á Umhverfis- og skipulagssviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustubátta skv. fjárhagsáætlun 2020⁴.

Umhverfis- og skipulagssvið	Áætlun 2020			KFS	
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda / í vinnslu	KFS greining
Þjónustubáttur					
Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar	1.114.803	265.029	849.774	já	
Skipulagsfulltrúi	328.499	67.266	261.233		já
Samgöngustjóri og borgarhönnun	990.783	1.162.113	(171.330)	já	já
Byggingarfulltrúi	289.507	190.000	99.507		já
Umhverfisgæði	2.497.105	1.834.531	662.574		
Skrifstofa umhverfisgæða	62.684		62.684		
Úrgangsmál	1.779.032	1.794.752	(15.720)		já
Náttúra og garðar	655.389	39.779	615.610		
Náttúra og garðar	29.262		29.262	já	
Reykjanesfólksvangur	4.400		4.400		
Heiðmörk	43.303		43.303		
Umhverfi og útivist	19.040		19.040	já	
Grasagarður	110.157	3.600	106.557		já
Vinnuskóli	30.195		30.195		já
Nemendur Vinnuskóla	121.817		121.817		já
Leiðbeinendur Vinnuskóla	90.100		90.100		já
Fræðslu- og félagsstarf Vinnuskólans	12.620		12.620		já
Þjónustumiðstöðvar Vinnuskóla	33.191		33.191		já
Meindýravarnir	67.359	6.885	60.474		
Ræktunarstöð	93.945	29.294	64.651		
Heilbrigðiseftirlit*	311.783	180.649	131.133		
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja*	1.176.030	25.387	1.150.643	já	
Rekstur og umhirða borgarlands	4.975.945	59.525	4.916.420		
Samtals	11.684.455	3.784.500	7.899.955		
Yfirstjórn frátalin	10.569.652	3.519.471	7.050.181		
*Þjónustubættir frátaldir	9.081.839	3.313.434	5.768.405		
KFS greining þjónustubátta	3.785.901	3.217.731	568.171		42%

⁴ * Þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustubætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrfti að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustubættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun.

Tafla 6. Yfirlit yfir stöðu greininga á Velferðarsviði, með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustubátta skv. fjárhagsáætlun 2020.

Velferðarsvið	Áætlun 2020			KFS	
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda / í vinnslu	KFS greiningar
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	4.004.867	3.976	4.000.890		
Nefndir og ráð	31.326		31.326		
Fjárhagsaðstoð	2.683.602	146.554	2.537.048	já	já
Húsnæðisstuðningur	1.061.132		1.061.132		
Samningar og styrkir	3.640.774	138.671	3.502.103		já
Búsetuúrræði	8.173.063	53.423	8.119.640		já
Félagsmiðstöðvar	894.868	147.794	747.074		
Dagþjónusta	683.517	189.704	493.813		já
Heimaþjónusta og Heimahjúkrun	3.863.606	1.780.739	2.082.867		já
Hjúkrunarheimili	1.573.214	1.326.380	246.834		já
Þjónustuíbúðir	683.077	132.686	550.391		já
Stuðnings- og stoðþjónusta	1.598.665	14.280	1.584.385		
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	718.760	165.410	553.350		
Samstarfsnet	929.125	2.337	926.788		
Ýmis úrræði	1.180.172	269.345	910.827	já	
Þróunarverkefni	461.800		461.800	já	
Önnur gjöld	1.366.044	628.213	737.831		
Samtals	33.547.612	4.999.513	28.548.098		
Yfirstjórn frátalin	29.511.419	4.995.537	24.515.882		
KFS greining þjónustubátta	21.300.852	3.768.157	17.532.695		72%

Börn og menningaruppeldi

Menningar- og ferðamálasvið lauk í febrúar 2020 við skýrslu vegna könnunar sem var framkvæmd á árinu 2019 með það að markmiði að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana og mæla ánægju þeirra og bera saman við sambærilega könnun sem gerð var árið 2014. Niðurstöður sýna að þær aðgerðir sem gripið var til í kjölfar könnunarinnar árið 2014 hafa skilað sýnilegum árangri. Hluttur drengja sem þátttakendur hefur farið úr 30% í 45% á tímabilinu. Þá hefur kynjahlutfall skipuleggjenda einnig jafnast, þó enn séu konur í meirihluta skipuleggjenda. Í lok skýrslunnar eru settar fram tillögur til áframhaldandi vinnu sem felur m.a. í sér að leggja áherslu á að tryggja aðkomu fjölbreytts hóps að þróun námskeiða og fræðsluefnis á vegum stofnana sviðsins ásamt því að stofnaður verði starfshópur þvert á sviðið og farið verði í frekari rýni m.a. með rýnihópavinnu.

Sóknarfæri í kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð hjá grunnskólum Reykjavíkurborgar

Að frumkvæði Fjármálaskrifstofu (nú Fjármála- og áhættustýringarsvið) Reykjavíkurborgar í samstarfi við Skóla- og frístundasvið var farið af stað með tilrauna verkefni árið 2019 með það að markmiði að þróa aðferðir til þess að innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundamál eru stærsti útgjaldaliður Reykjavíkurborgar, en á þeim vettvangi eru fjölmörg tækifæri til að stuðla að auknu jafnrétti. Þrír grunnskólar tóku þátt í verkefninu: Ingunnarskóli, Hólabrekkuskóli og Háteigsskóli. Verkefninu lauk í lok árs 2020 með skilum á 15 tillögum byggðar á niðurstöðum rannsóknarinnar um hvernig megi innleiða kynjaða fjárhags- og starfsáætlun í starfi grunnskóla Reykjavíkurborgar.

Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðaukum) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs.

Jafnréttismat og jafnréttisskimun er hluti af vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS), en kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er tæki sem notað er til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjárs. Við forgangsöröðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð er mikilvægt að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats og jafnréttisskimunar nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu.

Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats, FMS-LBE-156⁵ voru gefnar út í júlí 2018 auk þess sem nýtt eyðublað vegna jafnréttisskimunar, FMS-EBL-029⁶, var tekið í notkun. Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsraða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti. Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fáir tillagan brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustuþættinum sem það varðar í heild sinni.

Í upphafi árs 2021 var samþykkt að stofna starfshóp til að yfirfara skipulag og framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats. Starfshópurinn mun skila af sér tillögum fyrir mitt ár 2021 sem, ef samþykktar, ættu að koma til framkvæmdar strax árið 2022.

Tafla 7. Samantekt á fjölda jafnréttisskimana (úthlutað fjármagn).

Svið	Skuldbindingar	Breytingar á fjárhagsáætlun (viðaukar)
ÍTR	4	2
MOF	4	5
MOS	3	0
SFS	0	3
USK	7	2
VEL	12	4
PON	1	2
Samtals	31	18

Viðaukar við samþykkt áætlun 2020

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar skal breytingum á fjárhagsáætlun (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

Breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun A hluta Reykjavíkur 2020 námu samtals 8.574.865 þús. kr.⁷. Alls voru gerðir 164 viðaukar við samþykkt áætlun 2020, sjá töflu 8. Suma viðauka má telja eðlilegt að skima ekki, eins og t.d. viðauka vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Ætla má að eðlilegt væri að skima a.m.k. 33 af þessum viðaukum, að upphæð 1.232.065 þús. kr. en framkvæmdar voru

⁵ Sjá viðauka II

⁶ Sjá viðauka III

⁷ Hér eru undanskildir viðaukar sem heyra undir FÁST, Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu og sameiginlegan kostnað.

skimanir á 18 viðaukum við samþykkt áætlun 2020 (sjá töflu 9), að upphæð 763.809 þús. kr., sem nemur 62% af fjárhæðinni (undanskildir viðaukar sem er hægt að færa rök fyrir að þurfi ekki að skima). Ef horft er til heildarfjárhæð breytinga við samþykkt fjárhagsáætlun þá nema jafnréttisskimaðar breytingar 9 % af upphæðinni.

Tafla 8. Viðaukar og skimanir við samþykkt fjárhagsáætlun 2020.

Svið	Viðaukar (n)	Viðaukar (þús. kr.)	Skimað (n)	Skimað (þús. kr.)	Skimað (%)
ÍTR	21	529.383	2	129.500	24%
MOF	22	395.393	5	198.500	50%
MOS	8	27.094	0	0	0%
SFS	37	4.102.644	3	87.309	2%
USK	20	549.068	2	257.500	47%
VEL	41	2.719.153	4	75.300	3%
ÞON	15	252.130	2	15.700	6%
Samtals	164	8.574.865	18	763.809	9%

Tafla 9. Yfirlit yfir breytingar (viðauka) á samþykkt fjárhagsáætlun 2020 sem hlutu jafnréttisskimun.

Svið	Viðauki	Upphæð (þús. kr.)
ÍTR	Norrænu grunnskólaleikunum frestað	-5.500
ÍTR	Styrkir til íþróttafélaga (COVID-19)	135.000
MOF	Markaðsaðgerðir vegna ferðaþjónustu og ferðaþjónustutengdra greina (VIÐSPYRNA)	80.000
MOF	Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi vegna COVID 19 (VIÐSPYRNA)	30.000
MOF	Stuðningur við Bíó Paradís	6.500
MOF	Aukið fjármagn í menningarpott til stuðnings við menningarlíf í Rvk og sjálfstætt starfandi listamenn	30.000
MOF	Stuðningur til sviðslista í Tjarnarbíó og Borgarleikhúsi	52.000
SFS	Nemendur í Arnarskóla	64.509
SFS	Viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjalddöku af völdum Covid 19	14.100
SFS	Arnarskóli - fjölgun barna	8.700
USK	Efling miðborgar sem áfangstaðar í sumar	50.000
USK	Vinnuskóli Reykjavíkur	207.500
VEL	Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum (VIÐSPYRNA)	0
VEL	Tímabundin tilslökun á kröfum um fjárhagsaðstoð vegna COVID-19	25.000
VEL	Barnavernd Reykjavíkur, styrking	30.000
VEL	Þriggja ára tilraunaverkefni um frístundir í Breiðholti	20.300
ÞON	Innleiðing á þjónustustefnu	14.000
ÞON	Stuðningur vegna hakaþonsins Hack the Crisis	1.700

Skuldbindingar og áhættur

Jafnréttisskimanir vegna skuldbindinga utan fjárheimilda, breytinga á magntölum og mat á helstu áhættum í rekstri námu samtals 1.114.937 þús. kr., eða 51% af upphæð viðbóta við upprunalega áætlun. Mikill fjöldi jafnréttisskimana fylgdi skilum sviða vegna skuldbindinga og áhættu í rekstri, en samantektin hér nær aðeins yfir verkefni sem enduðu í rammaúthlutun.

Tafla 10. Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

	Upprunaleg áætlun 2019	Viðbætur	Rammi 2020	Jafnréttisskimað	% skimað (viðbætur)
ÍTR	8.224.583	223.669	8.448.252	43.300	19%
MOF	4.962.190	229.726	5.191.916	151.323	66%
SFS	50.842.276	603.989	51.446.265	0	0%
USK	7.576.100	115.036	7.691.137	55.000	48%
VEL	23.411.946	955.184	24.367.130	854.064	89%
Kjarnasvið (FÁST, ÞON, MOS) og skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	4.611.468	43.944	4.655.412	11.250	26%
Rammaúthlutun	99.628.563	2.171.548	101.800.111	1.114.937	51%

Fjárfestingaráætlun

Skv verklagi KFS á að jafnréttisskima öll ný verkefni og tillögur vegna undirbúnings á fjárfestingaráætlun. Fyrir árið 2020 voru 52 verkefni og tillögur skimuð vegna undirbúnings á fjárfestingaráætlun. Heildarfjárhæð verkefnanna/tillaganna fyrir árið 2020 var áætlað um 6.721.000.000 kr.

Ekki var unnt að draga fram upplýsingar um verkefni sem enduðu í fjárfestingaráætlun að svo stöddu, en markmiðið er að slíkt yfirlit verði gert héðan í frá.

Tafla 11. Jafnréttisskimanir á verkefnum og tillögum vegna fjárfestingaráætlunar.

Íþrótt- og tómstundasvið	Fjárhæð 2020
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	360.000.000
Íþróttamannvirki	265.000.000
Skíðasvæðin	2.950.000.000
Sundlaugar	65.000.000
Útivist og vallarmál	45.000.000
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Fjárhæð 2020
Hönnun og umbreyting þjónustu	59.000.000
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	864.500.000
Innkaup og innleiðing	4.500.000
Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir	1.499.000.000
Rannsóknir og nýsköpun	67.000.000
Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla	270.000.000
Stjórnsýsluhús	25.000.000
Upplýsinga- og gagnastýring	189.000.000
Upplýsingatæknirekstur	40.000.000
Velferðarsvið	Fjárhæð 2020
Barnavernd	innan ramma
Búsetuúrræði	innan ramma
Eldri borgarar	innan ramma
Heimaþjónusta	innan ramma
Hjúkrunarrými	innan ramma
Matarþjónusta	innan ramma

Stjórnsýsla	18.000.000
Stuðningsþjónuta	innan ramma
Þjónusta við fatlað fólk	innan ramma
Ýmis úrræði	innan ramma

Jafnréttismat á breytingu á opnunartíma leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. október 2019 var samþykkt að stofna stýrihóp um umbætur og skipulag leikskólastarfs. Markmið hópsins var að skoða leiðir til að auka fagmennsku, minnka álag á börn og starfsfólk og tryggja gæði starfsins með þarfir barnanna í huga. Í desember 2019 skilaði hópurinn áfangaskýrslu þar sem m.a. var lögð fram tillaga um að stytta almennan opnunartíma leikskóla borgarinnar um hálfa klukkustund, úr 07:30-17:00 í 07:30-16:30 og að dvalartími hvers barns færi ekki yfir níu klukkustundir. Tillagan um styttingu opnunartíma var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 14. janúar 2020 og lögð fyrir borgarráð í kjölfarið. Tillagan fékk nokkra fjölmiðlaumfjöllun eftir að hún var samþykkt í skóla- og frístundaráði og voru fjölmargir aðilar sem hvöttu borgarstjórn til að rýna vel í þau jafnréttisáhrif sem samþykkt tillögunnar gæti haft í för með sér. Á fundi borgarráðs þann 23. janúar 2020 lagði borgarstjóri svo fram eftirfarandi tillögu og var hún samþykkt:

Í samráði við stýrihóp skóla- og frístundaráðs um umbætur og skipulag leikskólastarfs í Reykjavík er lagt til að fram fari ítarlegt jafnréttismat á tillögu um breyttan opnunartíma á leikskólum. Mikilvægt er að fá skoðanir foreldra fram í þeirri vinnu og þá sérstaklega þeirra sem eru með dvalarsamninga eftir kl. 16:30 og greina aðstæður þeirra. Greina skal sérstaklega þann hóp foreldra sem muni eiga erfitt með að mæta þessari breytingu á opnunartíma. Einnig er mikilvægt að fá mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti. Að loknu jafnréttismati muni borgarráð taka tillöguna til endanlegrar meðferðar.

Settur var saman hópur til að vinna ítarlegt jafnréttismat á tillögunni. Aflað var upplýsinga í gegnum fjórar mismunandi leiðir; í fræðum og opinberri tölfraði, í gegnum tölvukerfi skóla- og frístundasviðs, í formi umsagnabeiðna til foreldraráða leikskóla og annara hagsmunaaðila, og að lokum í gegnum opna spurningakönnun sem send var út til allra foreldra sem kaupa dvöl eftir klukkan 16:30. Í júní 2020 skilaði hópurinn niðurstöðum sínum. Helstu niðurstöður matsins voru m.a.

- Um níuhundruð börn voru með dvalartíma eftir klukkan 16:30, sem samsvarar um 17% allra barna á leikskólum borgarinnar. Nýting á tímanum era 8 meðaltali 42%, þ.e.a.s. að börnin eru sótt eftir kl 16:30 að meðaltali rúmlega tvisvar sinnum í viku
- Mæður fara oftar en feður með börnin á leikskólann og sækja einnig oftar.
- Samkvæmt könnun munu bæði mæður og feður sækja börnin sjaldnar ef opnunartími verður stytur en fjöldi daga sem feður sækja fækkar meira.
- Vinnutími og ferðatími í og úr vinnu hefur áhrif á kaup á dvalartíma eftir 16:30, sem og ósamræmi varðandi opnunartíma í leik- og grunnskólum og frístundaheimilum.
- Af þeim foreldrum sem kaupa dvalartíma eftir 16:30 segja 62% af það verði erfitt að bregðast við styttnum opnunartíma.
- Sá hópur foreldra sem mun eiga erfiðast með að bregðast við styttri opnunartíma er fólk sem hefur lítinn eða engan sveigjanleika í vinnu, fólk af erlendum uppruna og fólk í vaktavinnu. Einnig mun breytingin hafa mest áhrif á foreldra sem hafa lokið iðn-, tækni- eða stúdentsprófi og þar sem heildartekjur heimilisins eru á bilinu 550-799 þúsund.
- Heilt á litið er tillagan talin hafa neikvæð áhrif á jafnrétti kynjanna og koma einna verst niður á foreldrum af erlendum uppruna.

Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum borgarráðs til viðspyrnu gegn Covid-19

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Tillögunni fylgdu aðgerðir í 13 liðum. Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2020 var samþykkt önnur tillaga um að fram færi jafnréttismat á samþykktum tillögum um viðspyrnu vegna Covid-19. Vegna þess hve fljótt átti að vinna tillögunar til viðspyrnu vegna Covid-19 var samþykkt að ekki yrði unnið jafnréttismat á fyrstu tveim tillögunum sem taka annarsvegar til frestun gjalda, niðurfellingu og lækkunum og hinsvegar sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestun.

Í jafnréttismatinu er að finna umfjöllun um útfærslu á hverri tillögu fyrir sig sem byggir á samtali við ábyrgðaraðila tillagnanna. Tekin eru fyrir jafnréttisáhrif tillagnanna og gerðar athugasemdir eða tillögur um hvað mætti betur fara. Fyrstu aðgerðir Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19 voru að mörgu leyti fjölbreyttar og náðu til margra ólíkra hópa. Margar aðgerðanna voru vel heppnaðar. Helstu niðurstöður eru að af þeim aðgerðum sem matið nær yfir þá fer 64% af fjármagninu í fjárfestingarverkefni. Þau verkefni eru líklegri til að skapa hefðbundin karlastörf. Næst mest fjármagn fór í markvissar vinnumarkaðsaðgerðir eða 22% af heildar fjármagninu. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa kemur með eftirfarandi ábendingar um hvað má betur fara:

- Almennt bendir ekkert til þess að markvist hafi verið horft til kynja- og jafnréttissjónarmiða við útfærslu á tillögunum, þrátt fyrir að gátlisti hafi verið sendur á sviðin og starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hafi boðið fram ráðgjöf og stuðning.
- Mikið af fjármagninu er sett í byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð. Slíkar aðgerðir skapa fremur störf í atvinnugreinum og starfsstéttum þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta, ásamt því að ná ekki endilega til þeirra hópa sem hafa misst vinnuna vegna áhrifa heimsfaraldursins. Atvinnuleysi vegna Covid-19 hefur verið mest í einkennandi greinum ferðaþjónustu, en þar vinnur að jafnaði mikið af ungu fólki, konum og fólki af erlendum uppruna.
- Með því að skapa fjölbreyttari störf og að hugsa út fyrir kassann væri hægt að ná til fjölbreyttari hóps fólks. Störf sem eru sköpuð í velferðar- og félagsþjónstu eru líkleg til að nýtast fjölbreyttari hópi fólks, þau stuðla að aukinni þjónustu við viðkvæma hópa, draga úr ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum og fjármagnið sem er veitt í þau fer ekki að stórum hluta í efiskostnað, líkt og þegar um byggingarframkvæmdir er ræða.
- Þær markvissu vinnumarkaðsaðgerðir sem farið var í sumarið 2020 voru vel úthugaðar og beindust að þeim hópum sem helst þurftu á að halda.
- Mikilvægt er að huga að því hvernig er unnt að ná betur til minnihlutahópa þegar kemur að styrkjum Reykjavíkurborgar. Ekki er nóg að umsóknir og upplýsingar séu á öðrum tungumálum, heldur þarf líka að vinna markvisst að því að ná til þessara hópa með öðrum hætti.
- Mikilvægt er að í nefndum og ráðum borgarinnar sem koma að úthlutun fjármagns séu einstaklingar sem hafa þekkingu á jafnréttismálum. Til að stuðla að þessu er t.d. hægt að hafa fræðslu um mannréttindi og jafnrétti fyrir meðlimi nefnda og ráða borgarinnar.
- Unnið er því að endurskoða styrkjaumhverfi borgarinnar, og er mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið séu þar höfð til hliðsjónar.
- Mikilvægt er að þau gögn sem er safnað sem tengjast aðgerðunum sé mögulegt að greina niður á ólíka þætti eins og kyn, aldur og uppruna.

Jafnréttismatið í heild sinni má finna í viðauka IV.

Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

- **Greiningar þjónustubátta:** Frá árinu 2012 hefur verið unnið að því að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðafræði KFS. Upphaflega var gert ráð fyrir að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir árið 2018, en það er ekki raunin. Greining þjónustubátta hefur gengið hægar en vonast var til, og lítið verið um greiningar þjónustubátta árin 2019 og 2020. Talsvert hefur verið um að smærri verkefni innan ákveðinna þjónustubátta hafi verið tekin til greiningar. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustubátta með markvissum hætti og að niðurstöðum greininga sé fylgt eftir.
- **Kyngreind gögn:** Aðgengi að kyngreindum gögnum heldur áfram að vera áskorun. Mikilvægt er að taka gagnamál Reykjavíkurborgar föstum tókum og stuðla að bættu aðgengi að kyngreinanlegum gögnum. Í þessu skyni má vísa til 29. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) en þar er fjallað um greiningu á tölfræðiupplýsingum og kveðið á um að *opinberir aðilar leitist við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því*. Nú þegar er unnið að sjálfvirknivæðingu kjarnakerfa borgarinnar og vöruhúsi gagna, en þar eru mikil tækifæri til að stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum.
- **Framkvæmd jafnréttisskimana:** Frá árinu 2018 hefur markvisst verið unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkfæri til að tryggja að farið sé yfir jafnréttisáhrif og –sjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs. Í greinargerð þessari er yfirlit yfir allar skimanir sem framkvæmdar voru á tímabilinu. Mikilvægt er að komið sé á skilvirkri eftirfylgni með því að verklaginu sé ávallt fylgt.
- **Framkvæmd jafnréttismats:** Ef tillaga er talin hafa jafnréttisáhrif samkvæmt niðurstöðum jafnréttisskimunar er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat fái hún áframhaldandi pólitískt brautargengi. Síðan jafnréttisskimun var tekin upp hefur sjaldan verið talin þörf á að framkvæma dýpra jafnréttismat í kjölfarið, sem sést á því að árið 2020 virðist ekki hafa verið framkvæmd nein jafnréttismöt í kjölfar skimana, að undanskildum tveimur jafnréttismötum sem framkvæmd voru að beiðni Borgarráðs; jafnréttismat á opnunartíma leikskóla og jafnréttismat á samþykktum tillögum um viðspyrnu vegna Covid-19.
- **Mat á innihaldi eða gæðum jafnréttisskimana:** Umfjöllun í greinargerð þessari tekur einungis mið af innleiðingu á verklagi við jafnréttisskimun á árinu 2020. Ekki er fjallað um innihald skimananna og hversu vel sé staðið að því að stuðla að auknu jafnrétti við gerð fjárhagsáætlunar. Sé litið til framtíðar er þó mikilvægt að þróa greiningartæki og mælikvarða sem hægt er að nota til að árangursmeta jafnréttisskimanir og jafnréttismöt.
- **Ákvarðanatöku:** Óljóst er hvort niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismats hafi áhrif á ákvarðanatöku. Finna þarf leiðir til að stuðla að því að niðurstöður jafnréttisskima og jafnréttismats séu hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatöku.
- **Fræðsla og stuðningur:** Mikilvægur þáttur í innleiðingu KFS er þekking og viðhorf starfsfólks. Unnið er að því að uppfæra og útbúa fræðslu- og stuðningsefni fyrir starfsfólk.

Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020

Íþrótt- og tómstundasvið

Áhersla er hjá ÍTR að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrenni nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktílaunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2020. Á sviðinu hafa einnig verið gerðar jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Menningar- og ferðamálasvið

Á Menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2020 er áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar sem og að ýta nýjum verkefnum úr vör.

Árið 2019 var framkvæmd könnun með það að markmiði að kortleggja þátttöku drengja og stúlkna undir 18 ára aldri í skipulögðum viðburðum menningarstofnana og mæla ánægju þeirra. Notuð var tvískipt gagnaöflun og fór fram á skipulögðum viðburðum fyrir börn og fjölskyldur annars vegar og skipulögðum heimsóknum skólabarna hins vegar og verið er að vinna úr niðurstöðum hennar. Könnunin er framhald af samsvarandi könnun sem framkvæmd var árið 2014 en niðurstöðurnar þá, sýndu að þessir viðburðir og kynningar á vegum MOF höfðuðu betur til stúlkna en drengja, hvort sem litið er til þátttöku eða ánægju. Við þessum niðurstöðum var brugðist með markvissum aðgerðum sem m.a. fólu í sér að stofnun starfshóps þvert á stofnanir til að vinna með þessar upplýsingar og móta aðgerðaráætlun sem miðaði að því að jafna hlut kynjanna. Meðal aðgerða var að gæta kynjajafnræðis við skipan starfshópa fræðslufulltrúa, samræming skráninga, stofnun rýnihóps kennara og nemenda úr grunnskólum og úthlutun fjármagns úr barnamenningarpotti með það að markmiði að leiðrétta kynjahallann. Spannandi verður að sjá hvort aðgerðirnar hafa skilað tilætluðum árangri.

Á árinu 2020 er gert ráð fyrir að skoða og greina aðgangstölur á stofnunum sviðsins með því að framkvæma tímabundnar skimanir á afgreiðslustöðum til að fá betri mynd af því hverjir sækja stofnanir sviðsins og tengja við hvað er í boði á hverjum tíma. Slíkar aðgerðir ættu að gefa mikilsverðar upplýsingar um aldursdreifingu og kynjahlutfall. Einnig er áætlað að greina á sama hátt notkun menningar- og árs korta sviðsins. Að sama skapi þarf að rýna betur þjónustukannanir sem eru reglulega framkvæmdar á söfnunum og uppfæra og betrumbæta með hliðsjón að markmiðum KFS. Vonast er til að hægt verði að koma öllum þessum könnunum inn í Qlik Sense app til að minnka vinnu þessu samfara.

Áfram verður unnið með uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþrótt- og tómstundaráðs frá 2018 en umsóknir eru nú m.a. metnar á því hve vel þær falla að

mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun. Jafnframt leitast ráðið við að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

Skóla- og frístundasvið

Settur hefur verið á fót starfshópur til þróunar á aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar í framhaldi af samþykkt í borgarráði 24. janúar 2019. Sá hópur vinnur nú tilraunaverkefni með nokkrum grunnskólum til þess að þróa aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar í þessum mikilvægu stofnunum. Verkefnið skiptist í þrjá áfanga; 1. Kortlagning gagna, 2. Greining og mat á jafnréttisáhrifum og 3. Kynning á niðurstöðum og breytingartillögum. Áætlað verklok er í maí 2020.

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni við undirbúning fjárhagsáætlunar 2020 var unninn jafnréttisskimun. Með því að koma KFS skimun inn í verkferla í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt og skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga.

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustupátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Í október 2018 lauk greiningu á samgöngumálum og í ágúst 2019 lauk greiningu á þjónustumiðstöð borgarlandsins. Fljótlega mun hefjast vinna við greiningu á rekstri hverfahluta austur og vestur ásamt greiningu á náttúru & gördum og umhverfi & útivist. Fyrirhugað er að ljúka henni í desember 2019. Í meðfylgjandi töflu er að finna þau verkefni sem áætlað er að greina fram til loka ársins 2020.

Þjónustupáttir KFS til greiningar 2019-2020	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil (frá-til)
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	Sviðsstjóri	Maí 2019
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Október-desember 2019
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	Október-desember 2020
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Vor 2020
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Vor 2020
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Haust 2020
Eftirfylgni með ábendingum í KFS-greiningum sviðsins	Ábyrgðaraðili	Tímabil eftirfylgni
Eftirfylgni með verkefnum frá 2016 og 2017 - seinni eftirfylgni	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	Starfshópur KFS á USK	Mars 2019
Samgöngumál	Starfshópur KFS á USK	Nóvember 2019

Við greiningar er fylgt tvenns konar verklagi. Beitt er jafnréttismats-aðferð sem felur í sér grunngreiningu á þjónustupáttum sem ólíklegir eru til að hafa viðamiklar kynjaðar víddir. Fjármálastjóri USK og fulltrúi stýrihóps KFS á sviðinu hitta viðkomandi stjórnendur og gera greiningu sem er áþekkt þeim jafnréttismats greiningum sem beitt hefur verið við ný verkefni sem sett eru fram við fjárhagsáætlunargerð. Komi í ljós við greiningu með jafnréttismatsaðferð að þörf sé á ítarlegri

greiningu, eða ef ástæða er til að ætla við upphaf greiningar að þjónustubátturinn hafi kynjaðar hliðar sem skoða ætti sérstaklega, þá er beitt djúpgreiningaraðferð og stofnaðir starfshópar skipaðir starfsfólki sem vinnur á sviði þjónustubáttarins, auk fulltrúa stýrihóps KFS. Starfshópurinn vinnur svo greininguna. Afurðir þessarar vinnu eru skýrslur um niðurstöður greininga fyrir hvern þjónustubátt og tillögur að aðgerðum eins og við á, sem svo eru kynntar fyrir ráðum sviðsins. Þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustubætti þar sem talið var að þar væru engin kynjasjónarmið undir sem þyrftir að greina. Í samræmi við áherslur ráðgjafahóp um KFS verða þessir þjónustubættir aftur teknir til skoðunar og verði ákveðið að þeir séu í samræmi við fyrri ákvörðun ekki á áætlun vegna greininga, þá fylgir því rökstuðningur til stýrihóps KFS sem samþykkir eða hafnar þeirri tilhögun. Ávinningur af greiningum á þjónustubáttum er að ný sjónarhorn varpa ljósi á úrlausnarefni og tækifæri til að aðlagja vinnubrögð og þjónustu þannig að þau taki mið af þörfum fjölbreyttra hópa þjónustuþega og fjármunum sé varið á réttlátan hátt. Greiningarvinnan ýtir undir meðvitund stjórnenda og starfsfólks, skapar þekkingu á jafnréttishliðum á verkefnum sviðsins og í lok greiningarferlis eru settar fram aðgerðir til að stuðla enn frekar að jafnrétti.

Velferðarsvið

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlunargerð (KFS) á árinu 2011. KFS tekur mið af stöðu kynjanna í stefnumörkun og er núverandi staða kynjanna greind. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslur um jafnrétti kynjanna. Velferðarsvið hefur tekið þátt í þeirri innleiðingu frá upphafi og samkvæmt innleiðingaráætlun mun rýningu allra þjónustubátta verða lokið á árinu 2020. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé.

Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í megindráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa. Í lok árs 2018 og byrjun árs 2019 voru nokkrar greiningar á þjónustubáttum kláraðar en það voru þjónustuíbúðir, heimahjúkrun, heimaþjónusta og hjúkrunarheimilin. Helstu niðurstöður þeirra voru að konur nýta þjónustu heimahjúkrunar og heimaþjónustu betur, sem er í samræmi við lífaldur kvenna og karla en áhugavert er að fleiri samskipti eru við karla en konur. Áætlað er að kanna nánar hvort þeir fái lengri eða styttri tíma í þjónustu en konur. Í lok árs 2019 eiga að liggja fyrir greiningar á framleiðslueldhúsi, þjónustu við hælisleitendur og unglingasmiðjur.

Á árinu 2018 var fjárfestingaráætlun sviðsins jafnréttisskimuð í fyrsta skiptið og á árinu 2019 var því haldið áfram. Við gerð fjárfestingaráætlunar 2020-2024 voru jafnréttiskimaðar 18 tillögur. Af 15 tillögum og aðgerðaráætlunum sem hafa verið lagðar fyrir velferðarráð á árinu 2019 af sviðsstjóra hafa 9 þeirra verið jafnréttisskimaðar. Þá var fimm ára áætlun 2020–2024 sviðsins einnig jafnréttisskimuð, en þar voru skimaðar 19 tillögur um skuldbindingar velferðarsviðs og 24 tillögur um áhættur.

Fjármála- og áhættustýringarvið

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti þeim mismunandi þörfum.

Markvisst er unnið að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) hjá Reykjavíkurborg. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargerð byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 10/2008, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Þar af leiðandi er verkefninu stýrt í mikilli samvinnu fjármála- og áhættustýringarsviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Skipaður var pólitískur stýrihópur í apríl 2018 sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Stýrihópurinn vinnur nú að því að breyta nafni og áherslum verkefnisins þannig að það nái betur utan um þann fjölbreytileika sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur tillit til. Innleiðing á nýju heiti og áherslum verkefnisins verður hafin í byrjun árs 2020. Einnig mun stýrihópurinn leggja fram tíma- og verkáætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar samhliða tíma- og verkáætlun um gerð fjárhagsáætlunar.

Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Á árinu 2018 var tekin í notkun jafnréttisskimun sem tekur saman áhrif tillagna á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsettra hópa með einföldum hætti. Jafnréttisskimuninni er ætlað að styðja við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa um forgangs röðun og ráðstöfun fjármuna og miðað er við að verkefni sem fá áframhaldandi brautargengi fari í jafnréttismat sem er ítarlegri greining. Framkvæmd jafnréttisskimanar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulagsvinnu.

Á árinu 2020 mun eftirfylgni með skilvirkni jafnréttisskimana og notkun jafnréttismats verða skerpt. Stefnt er auk þess að því að fara í markvissa fræðslu meðal starfsfólks borgarinnar sem kemur að vinnu skimana til þess að tryggja gæði og þar með skilvirkni þessa mikilvæga verkfæris.

Starfshópar á fagsviðunum vinna að því að greina þjónustu borgarinnar út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Verið er að stofna starfshóp um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á fjármála- og áhættustýringarsviði en mun hans fyrsta verkefni vera að greina með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar tekjur borgarsjóðs (þ.e. skatta og gjaldskrár), styrki og samninga.

Haldið verður áfram öflugum samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi hefur borgin verið í góðu samstarfi við Háskóla Íslands um greiningar á verkefnum og mun það samstarf halda áfram. Önnur sveitarfélög á landinu eru að taka Reykjavíkurborg til fyrirmyndar þegar kemur að vinnu við kynjaða fjárhagsáætlunargerð.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs og starfsumhverfissvið er nýtt svið og því hafa ekki verið unnin sérstök verkefni áður sem snúa að markvissri innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á þær tillögur sem sem lagðar voru fram frá mannauðsdeild á árinu 2019. Framundan er á árinu 2020 að greina þjónustu mannauðs og starfsumhverfissviðs út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Nýtt svið þjónustu- og nýsköpunar mun stíga markvisst inn í innleiðingaráætlun kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Kynjuð fjárhagsáætlunargerð tekur mið af ólíkri stöðu borgaranna og leitast eftir því að tryggja að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum þeirra til lífs og leiks.

Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Settur verður saman fjögurra manna starfshópur sem rýna mun þjónustubætti sviðsins og setja saman áætlun um greiningu á dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins, í samræmi við markmið KFS um dreifingu fjármuna. Lagt er upp með að rýni og ætlunargerð verði lokið um mitt ár 2020 og hefst þá hin eiginlega greiningarvinna. Vonir standa til að hægt verði að leggja fyrstu niðurstöður greininga til grundvallar fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2021.

Skoðað verður til viðbótar með hvaða hætti innleiða megi jafnréttisskimun og/eða jafnréttismat inn í verkferli fyrir nýsköpunarverkefni á fjárfestingaráætlun og þannig styðja betur við ákvarðanatöku, forgangsöðun og ráðstöfun fjármuna.

Viðauki II. Leiðbeiningar vegna gerð jafnréttismats

FMS-LBE-156 Leiðbeiningar um gerð jafnréttismats

Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009. Markmið þessara laga og samþykktu er að stuðla að auknu kynjajafnrétti og tryggja réttindi jaðarsettra hópa.

Við forgangsörðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð þarf að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu. Með skilvirkri notkun á jafnréttismati er hægt að tryggja upplýstari ákvarðanatöku og réttlátri skiptingu fjár, um leið og beiting þess eykur þekkingu á jafnréttismálum og skilning á stöðu jaðarsettra hópa.

Jafnréttismat skal framkvæma á tillögum sem teljast hafa jafnréttisáhrif *eftir* að þær hafa farið í gegnum jafnréttisskimun. Jafnréttismöt geta verið mjög misjöfn í umfangi og fer það eftir eðli tillögunnar og þeirri starfsemi sem hún nær yfir. Gert er ráð fyrir að ábyrgðafólk tillögunnar vinni jafnréttismat í samráði við ráðgjafahóp um KFS og/eða verkefnastýru.

Í eftirfarandi leiðbeiningum er gert grein fyrir þeim þáttum sem þurfa að koma fram í jafnréttismatinu, dæmi um spurningar til umhugsunar og ábendingar á annað fræðslufni.

Eftirfarandi þarf að koma fram í jafnréttismatinu:

- Lýsing á tillögunni og markmiðum.
- Úttekt á þekkingu um stöðu mismunandi hópa á þeim sviðum sem snerta tillöguna. Ýmislegt er vitað um þær mismunandi aðstæður og óskrifuðu reglur sem ólíkir hópar búa við og ekki er hægt að framkvæma fullnægjandi jafnréttismat án þess að taka tillit til þeirrar þekkingar. Hér er beðið um að fólk kynni sér rannsóknir, skýrslur og annað efni sem fjallar um þessar ólíku stöður. Hægt er að nálgast ráðgjöf hjá ráðgjafahópi og verkefnastýru KFS og hjá fulltrúum mannréttindaskrifstofu. Einnig er hægt að nálgast gagnlegt efni frá Reykjavíkurborg hér: <https://reykjavik.is/utgefid-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun>
- Greining á áhrifum tillögunnar á mismunandi hópa eftir kyni og annars þáttar sem við á, sb. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Greininguna skal byggja á rannsóknum og þekkingu á stöðu mismunandi hópa auk kyngreindra tölfræðigagna. Hér ber einnig að hafa í huga að mismunun getur verið margþætt – sumt fólk tilheyrir fleiri en einum jaðarsettum hópi og getur það haft áhrif á aðstöðu.
- Hvernig getur tillagan stuðlað að auknu jafnrétti og tryggt réttindi jaðarsettra hópa? Markmið þess að vinna að auknu jafnrétti er að fólk hafi tækifæri til að þróa og nýta hæfileika sína án þess að verða fyrir mismunun eða festa staðlaðar ímyndir í sessi. Það er mikilvægt að hafa í huga að jöfn hlutföll eða skipting eru ekki endilega merki um jafnrétti. Aftur þarf að taka mið af þekkingu um ólíka stöðu fólks til þess að gefa fullnægjandi mat af jafnréttisáhrifum. Hér er einnig beðið um mat á því hvort grípa megi til mótvægisáðgerða vegna tillögunnar til þess að vinna að auknu jafnrétti.

Ýmsar spurningar til umhugsunar

- Hvernig mun komandi breyting mæta ólíkum þörfum?
- Hvernig mun starfsemin vinna gegn kynímyndum og fordómum í garð ólíkra hópa?
- Getur tillagan skapað nýjar hindranir eða dregið úr hindrunum á vegi jafnréttis?
- Hvernig skiptist fjárhæðin á milli kynja?
- Hvernig munu fjárhæðir samkvæmt tillögunni skiptast á milli kynja innan jaðarhópa?
- Ef að einhver hagnast af tillögunni umfram annan er hægt að réttlæta það?
- Ýtir stefnan eða breyting á þjónustu undir eða dregur úr ógreiddum stundum við umönnun? Skoða þarf m.a. áhrif á fjárhagslega stöðu eða aðgengi að þjónustu.
- Hvernig verður starfsemin skipulögð þannig að allir hafi aðgengi að henni?
- Hvernig mun breytingin minnka aðgreiningu kynjanna og ólíkra hópa?
- Hvernig er kynjasamsetning þeirra sem nýta þjónustu tengda tillögunni?
- Skarast mismunur á grundvelli ólíkra þátta, t.d. kyns og fötlunar?

Nánari upplýsingar og fræðsluefni:

- Reykjavíkurborg. (2018) Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_mannr_280518_net.pdf
- Reykjavíkurborg. (2014) Handbók um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg.
https://reykjavik.is/sites/default/files/handbok_kynjadrar_fjarhags-_og_starfsaaetlunar.pdf
- Jafnréttisstofa. (2014) Jafnréttismat – mat á áhrifum stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar.
http://www.jafnretti.is/D10/_Files/Jafnrettismat.pdf

Viðauki III. Eyðublað vegna jafnréttisskímunar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskímun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsöðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	
Svið:	
Unnið af:	
Verkefni/tillaga:	
Þjónustubáttur:	
Stofnun/kostn.st.:	
Fjárhæð:	
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og þeirra hópa sem mannréttindastefnan tekur til? Rökstyðjið.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?⁸

⁸ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

Viðauki IV. Jafnréttismat á fyrstu aðgerðum borgarráðs til viðspyrnu gegn Covid-19

Inngangur

Á fundi borgarráðs þann 26. mars 2020 var samþykkt tillaga borgarstjóra að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 (*Tillaga að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19, 2020*). Tillögunni fylgdu aðgerðir í 13 liðum. Á fundi borgarráðs þann 31. mars 2020 var samþykkt önnur tillaga um að fram færi jafnréttismat á samþykktum tillögum um viðspyrnu vegna Covid-19 (*Tillaga að jafnréttismati vegna fyrstu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19, 2020*). Vegna þess hve fljótt átti að vinna tillögurnar til viðspyrnu vegna Covid-19 var samþykkt að ekki yrði unnið jafnréttismat á fyrstu tveim tillögnum sem taka annarsvegar til frestun gjalda, niðurfellingu og lækkunum og hinsvegar sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestun.

Jafnréttismat er hluti af vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS), en kynjuð fjárhags- og starfsáætlun er tæki sem notað er til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjárs. Við forgangsröðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð er mikilvægt að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu.

Í því jafnréttismati sem hér er unnið vegna tillagna Reykjavíkurborgar til viðspyrnu við Covid-19 er gerð eftirá úttekt á jafnréttisáhrifum þeirra tillagna. Vonandi nýtist þessi úttekt í framhaldinu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til þess að stuðla enn frekar að jafnrétti. Það er auðveldara og hagkvæmara að gæta að jafnrétti við upphafi vinnu frekar en að breyta eftirá. Ef að þjónusta og viðbrögð okkar við áhrifum faraldursins tekur ekki mið af ólíkum þörfum, sérstaklega þeirra sem nú þegar eru jaðarsettir í okkar samfélagi, þá erum við ekki einungis að bregðast hlutverki okkar heldur einnig að auka enn frekar jaðarsetningu þessara hópa.

Covid-19 faraldurinn ekki yfirstaðinn og eftirköst hans eiga líklega eftir að vera langvinn. Það mun því koma í hlut Reykjavíkurborgar sem stjórnvalds og sem þjónustuveitanda að gera fleiri ráðstafanir varðandi rekstur og fjárfestingar til þess að stuðla að því að við sem samfélag komumst í gegnum Covid-19 á sem öruggastan og skilvirkastan hátt.

Í kjölfar þess að tillagan um jafnréttismat var samþykkt í borgarráði var settur saman hópur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til þess að halda utan um verkefnið. Þann 27. apríl 2020 sendir formaður stýrihóps um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun bréf til sviðsstjóra varðandi jafnréttismat á Covid-19 aðgerðum ásamt gátlista sem var unninn sérstaklega fyrir jafnréttismat á útfærslu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19. Gátlistinn, sem sneri að jafnréttismálum og stöðu ólíkra hópa, átti að tryggja það að útfærslur á tillögnum hefðu kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar. Notkun gátlistans var ætlað að auðvelda vinnu þeirra sem unnu að framkvæmd tillagnanna. Einnig var boðin fram ráðgjöf og stuðningur frá sérfræðingum í jafnréttismálum samhliða gátlistanum. Gátlistann er að finna í viðauka A.

Vinna við jafnréttismatið sjálft hófst í júní 2020 þegar ljóst var hvernig tillögurnar voru útfærðar. Kallað var eftir upplýsingum frá fagsviðunum um stöðu vinnunnar sem því miður fékk litlar undirtektir. Farið var þá leið að hafa beint samband við þá aðila sem báru ábyrgð á útfærslu hvernar tillögu fyrir sig, skv. samþykktum tillögum í borgarráði.

Samantekt - helstu niðurstöður

Í jafnréttismatinu er að finna umfjöllun um útfærslu á hverri tillögu fyrir sig sem byggir á samtali við ábyrgðaraðila tillagnanna. Tekin eru fyrir jafnréttisáhrif tillagnanna og gerðar athugasemdir eða tillögur um hvað mætti betur fara.

Ekki er fjallað um tillögur 1, 2, 6, 7, 10, 12 og 13 í jafnréttismatinu. Samkvæmt samþykkt um gerð jafnréttismatsins var tekið fram að ekki yrði gert jafnréttismat á tillögum 1 og 2 (um frestun gjalda, niðurfellingu og lækkunum og hinsvegar sveigjanleika í innheimtu og gjaldfrestun) þar sem því yrði ekki við komið áður en ráðist yrði í aðgerðir.

Tillögur 6, 7, 10, 12 og 13 hafa ekki verið útfærðar að fullu og því er ekki fjallað um þær.

Í töflu 1 má sjá sundurliðun á tillögunum þar sem fram kemur áætlaður kostnaður. Sundurliðunin er úr samþykktum viðaukum.

Vakin er athygli á því að meirihluti af heildarkostnaði þeirra aðgerða sem hér eru greindar er varið í fjárfestingar eða um 64%. Marvissar vinnumarkaðsaðgerðir eru næst stærsti liðurinn, eða 22% af heildarkostnaði.

Tafla 12. Sundurliðun á verkefnum undir tillögum 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9 og 11.

Tillaga	Verkefni/útfærsla	Svið	Kostnaður í þkr.	% af heild	
3.	Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum		0	0%	
4.	Ferðapjónusta og ferðapjónustutengdar greinar	Markaðsáttak Reykjavíkur	MOF	80.000	3%
5.	Nýsköpun og nýtækni	Vöruhús gagna	ÞON	50.000	2%
		Sjálfvirknivæðing kjarnakerfa	ÞON	40.000	1%
6. & 7.	Skapandi greinar og þekkingargreinar	Hack the Crisis	ÞON	1.700	0%
8.	Menning, listir, íþróttir og viðburðahald	Menningarstyrkjaþottur	MOF	30.000	1%
		Íbúaráð - sumarstyrkir 2020	MAR	30.000	1%
		Stuðningur við íþróttar- og æskulýðsfélög	ÍTR	135.000	4%
		Efling miðborgar sem áfangastað í sumar	USK	50.000	2%
9.	Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir	Sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir	MOS	691.000	22%
11.	Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt	Flýting á verklegum framkvæmdum við uppbyggingu innviða		970.000	30%
		Flýting meiriháttar viðhalds- og endurnýjunarverkefna		750.000	23%
		Flýting nauðsynlegs undirbúnings- og hönnunarvinnu ýmissa verkefna s.s. með samkeppnum og hönnun verkefna í framhaldi		370.000	12%
Samtals			3.197.700	100%	

Tillaga 3. Borgarvakt í velferðarmálum

Tillaga 3. Borgarvakt í velferðarmálum

Tölulegum gögnum og staðreyndum um þróun aðstæðna hjá einstaklingum, fjölskyldum og atvinnulífi verður safnað á vettvangi Reykjavíkurborgar næstu mánuði og misseri til að leggja grunn að frekari tillögugerð og aðgerðum sem ýmist verður beint til borgarráðs, fagráða Reykjavíkurborgar, ríkis eða sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga eða annarra aðila. Í samráði við hagsmunaaðila verður fylgst með lykilþáttum og áhrifum stöðunnar á atvinnulíf og samfélag, líf skjör og húsnæðismarkað með sérstakri áherslu á börn og menntun þeirra, barnafjölskyldur, fatlað fólk, eldra fólk, atvinnulausa og viðkvæma og útsetta hópa.

Á [vefsvæði](#) Borgavaktarinnar má finna tölulegar upplýsingar um atvinnuleysi, fjárhagsaðstoð, heimilisofbeldi, barnavernd, matarþjónustu, akstursþjónustu, biðlista, skólastarf og frístundakortið (Covid 19—Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, 2020; Fyrstu aðgerðir Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19—Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, 2020).

- **Verkefnið fellur vel að markmiðum KFS. Það er mikilvægt að fylgjast með áhrifum Covid-19 á ólíka hópa borgarbúa. Þá er einnig mikilvægt að hafa gott aðgengi að gögnum greindum eftir kyni og öðrum mismunabreytum. Gögnin og mælikvarðanir ættu að geta stutt við frekari greiningar og ákvarðanatöku.**

Tillaga 4. Ferðapjónusta og ferðapjónustengdar greinar

Tillaga 4. Ferðapjónusta og ferðapjónustutengdar greindar

Stutt verði við eftirspurn eftir heimsóknum ferðamanna til Reykjavíkur um leið og það er metið tímabært.

- Markaðsátak stjórnvalda og Íslandsstofu:** Reykjavíkurborg verði virkur þátttakandi í útfærslu og framkvæmd markaðsátaks stjórnvalda í ljósi Covid-19.
- Markaðsátak Reykjavíkur:** Menningar- og ferðamálasvið útfæri sérstaka markaðssetningu Reykjavíkur sem viðbrögð við hrúni í ferðapjónustu fyrir árin 2020-2021. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar verði ætlaður að lágmarki 150 milljónir króna. Tillögur liggi fyrir í maí.

Markaðsátak Reykjavíkur

Fyrstu markaðsaðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu við Covid-19 var skipt í tvo fasa. Annars vegar aðgerðir til næstu 3-6 mánaða og hins vegar aðgerðir eftir 6-12 mánuði (*Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Fyrstu markaðsaðgerðir fyrir árin 2020 og 2021*, 2020).

Í fyrri fasanum var áhersla á miðlun upplýsinga og að viðhalda samskiptum við ferðafólk og halda þannig uppi jákvæðri ímynd áfangastaðarins og ferðalöngun. Í seinni fasanum var áhersla lögð á að auka eftirspurn ferðafólks á Reykjavík sem áfangastað eftir að heimsfaraldrinum lýkur.

Markmiðið með markaðsátakinu var að byggja upp eftirspurn eftir margvíslegri þjónustu í borginni og þar með að efla mannlíf og styðja við fyrirtæki og íbúa. Sérstök áhersla var á miðborgina, þar sem er að finna margvíslega verslun, þjónustu, menningu og listir. Í jafnréttisskimun sem framkvæmd var á

tillögunni tekst ekki að tengja verkefnið við kynja- og jafnréttissjónarmið að neinu marki. Ljóst er þó að atvinnuleysi vegna heimsfaraldursins hefur bitnað hvað mest á fyrirtækjum í einkennandi greinum ferðapjónustu. Þar vinna að jafnaði mikið af ungu fólki, fólki af erlendum uppruna og konum (Íris H. Halldórsdóttir, 2019; Magnfríður Júlíusdóttir & Íris H. Halldórsdóttir, 2019).

- Tækifæri eru til að huga að mannréttindastefnunni við útfærslu markaðsáðsáðsáðsáðs. Þannig er hægt að kynna sérstaklega fyrirtæki sem eru rekin af innflytjendum, list án landamæra, miðla upplýsingum um staði þar sem aðgengi fyrir fatlað fólk er til staðar, hinseginvæna staði, örugga skemmtistaði, að upplýsingaefni sýni vel fjölbreytileika samfélagsins o.s.frv.
- Þá er vert að benda á að ekki hafa allir sömu möguleika til að njóta borgarmenningar t.d. vegna fjárhagsstöðu, veikinda, fötlunar eða ótta við fordóma.

Tillaga 5. Nýsköpun og nýttækni

Tillaga 5. Nýsköpun og nýttækni

Fjárfestingum í innleiðingu nýrrar tækni hjá Reykjavíkurborg verði flýtt og opnað fyrir aðkomu frumkvöðla og nýsköpunarumhverfisins að lausnaleyti á grundvelli nýrrar nýsköpunarstefnu. Tillögur liggi fyrir í maí n.k.

Sjálfvirknivæðing kjarnakerfa borgarinnar

Tillagan snýr að því að innleiða miðlægt samþættingar og vefþjónustulag sem tengi saman kerfi borgarinnar og geri kleift að upplýsingar flæði sjálfvirkir á milli allra helstu kerfa (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sjálfvirknivæðing kjarnakerfa borgarinnar*, 2020). Hér er um að ræða grunninnviði sem stuðla að betra upplýsingaumhverfi. Verkefnið mun hraða og auðvelda mörg önnur upplýsingatækni-verkefni og stafræna umbreytingu.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram aðsjálfvirknivæðingin er í raun bakvinnslukerfi og notandinn sjálfur verður ekki var við það. Framendinn mun svo fara í hönnunarferli þar sem hugað verður að þörfum fólks m.t.t. tungumáls, leturstærðar, upplesturs á texta og öðru sem skiptir máli. Aðgerðin hefur það ekki í för með sér að til verði þjónusta sem greitt er fyrir, kerfinu er eingöngu ætlað að flýta fyrir afgreiðslu gagna og bæta upplýsingaflæði. Aðgerðin mun gagnast allri borginni og mun ekki hafa útilokandi áhrif fyrir ákveðna hópa. Tillagan er því ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Eitt starf hefur verið skapað vegna þessa verkefnis en eftir rúmlega tvö ár má gera ráð fyrir að ráðið verði í tvær stöður til viðbótar. Þrír starfsmenn vinna að verkefninu eins og staðan er nú og er kynjahlutfallið 100% karlmenn. Verkefnastjóri er karlmaður af erlendum uppruna, en hann er helsti samþættingarsérfræðingur landsins. Störf munu ekki hverfa og eingöngu breytast til betri vegar. Verkefnið hefur áhrif á starfsemi borgarinnar í heild sinni. Sjálfvirknivæðing kerfa mun geta flýtt fyrir vinnu starfsmanna og gefa þeim rýmri tíma til að sinna öðrum verkefnum. Störf verða þægilegri og einfaldari á allan máta og pappír mun heyra sögunni til. Kerfið mun því bæta allt upplýsingaflæði borgarinnar.

Vöruhús gagna

Fjárfest í smíði vöruhúss gagna og sýndarþjóni (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Vöruhús gagna*, 2020). Verkefnið mun auðvelda alla umsýslu með gögn og gera notkun þeirra mun hagkvæmari og fljótvirkari en í núverandi ástandi.

Í jafnréttisskimun sem fylgir tillögunni kemur fram að tillagan er ekki talin hafa bein áhrif á stöðu kynjanna eða jaðarsettra hópa. Óbein áhrif tillögunnar eru þó þau að gagnabíðnustan mun aðstoða

svið Reykjavíkurborgar við úrvinnslu, samþættingu og framsetningu gagna sem gæti hjálpað til við að varpa ljósi á ólíka stöðu fólks í borginni.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að enn sem komið er hafa engin ný störf verið sköpuð í kringum þetta verkefni, verkefnið er unnið af gagnasérfræðingum gagnþjónustu ÞON, sem eru 40% konur og 60% karlar. Þegar ráðið verður í fleiri störf í þetta verkefni verður lögð áhersla á að halda kynjahlutfallinu jöfnu, enda eru blönduð teymi betri teymi.

- **Gæta þarf að því að stafræn umbreyting verði með þeim hætti að sem flest njóti góðs af, t.d. með tilliti til tungumáls, möguleika á upplestri, auðskildum texta og öðrum þáttum. Einnig er mikilvægt að nýta tækifærið og stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum.**

Tillaga 6 og 7. Skapandi greinar og þekkingargreinar

Tillaga 6. Skapandi greinar

Haldið verði áfram að skapa skapandi greinum betri skilyrði til vaxtar til lengri tíma með áherslu á að skapa aðstöðu og vinnurými, m.a. í tengslum við nýjan klasa skapandi greina í Gufunesi. Tillögur liggi fyrir í maí n.k.

Tillaga 7. Þekkingargreinar

Unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu þekkingartengdra greina í samvinnu við Háskóla Íslands, Vísindagarða, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Tillögur liggi fyrir í maí n.k.

Krísuhakk

Verkefnið heyrir undir tillögu 6 og 7. Viðburðurinn var haldinn 22.-25. maí 2020, eða frá föstudegi til mánudags. Að viðburðinum stóðu, ásamt Reykjavíkurborg, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Heilbrigðisráðuneytið, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Stafrænt Ísland, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rebo Hack og Samband íslenskra sveitarfélaga. Vinningstillögur fengu verðlaun í formi fjármagns, 500.000 per áskorun (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Krísuhakk*, 2020).

Í skriflegu svari frá þjónustu- og nýsköpunarsviði kemur fram að í undirbúningi og aðdraganda Krísuhakks var gætt að því að kalla eftir þátttakendum af *báðum* kynjum og kvenkyns fyrirmyndir voru virkjaðar til að vinna að umgjörð, framkvæmd og kynningu á lausnamótinu (Kristinn Jón Ólafsson, munnleg heimild, tölvupóstur, 27.01.2021). Tekið var fram í kynningum á viðburðinum að lausnamótið væri fyrir alla, óháð reynslu og bakgrunni. Framleidd voru 15 kynningarmyndbönd fyrir viðburðinn, og voru konur í aðalhlutverki í níu af myndböndunum.

Þá var gætt að því að leiðbeinendur og dómaraar væru bæði karlar og konur en dómaraar voru tíu talsins, þar af sex konur og fjórir karlar. Leiðbeinendur voru átta talsins, þar af fimm konur og þrír karlar. Upplýsingar um kynjahlutföll, aldur og uppruna þátttakenda voru ekki tekin saman en þátttakendur voru alls 204. Í sigurteymunum voru níu þátttakendur, alls fimm karlar og fjórar konur.

Auglýst var eftir lausnum í fjórum flokkum; Heilbrigðisþjónusta, félags- og velferðarmál, menntamál og atvinnumál. Flestir þessir flokka eru vel til þess fallnir að höfða til nýsköpunarumhverfis kvenna, en konur eru í meirihluta þeirra sem brautskrást með menntun í félagsvísindum, menntavísindum og greinum á sviði heilbrigðis og velferð, ásamt því að vera meirihluti þeirra sem starfa í tengdum atvinnugreinum. Þá hafa rannsóknir á frumkvöðlastarfsemi kvenna sýnt að þær sækja fremur í geira eins og þjónustu, heilbrigðis- og félagsþjónustu, menntun, listir, veitinga- og gistirekstur (Grünfeld

o.fl., 2020). Þessar greinar eru einnig þær greinar sem tóku hvað mestan skell vegna heimsfaraldurs Covid-19.

Almennt er frumkvöðlastarfsemi kvenna minni en karla og færri konur en karlar stofna fyrirtæki (Elam o.fl., 2019). Þá hafa rannsóknir einnig sýnt að meira styrktarférmagn rennur til karlleiddra verkefna heldur en kvenleiddra verkefna á Íslandi (Alma Dóra Ríkhartsdóttir, 2020; Steinþórsdóttir o.fl., 2019).

- **Þátttaka í lausnamótinu felur í sér að eyða tíma í ólaunaða vinnu í samkeppni við önnur teymi yfir heila helgi. Það er ekki á færi allra að úthluta tíma sínum á þennan þátt, t.d. vegna umönnunarabyrgðar, launaðrar vinnu eða heilsubreysts. Gæti verið útilokandi fyrir fólk með fjölskylduabyrgð, sérstaklega þau sem hafa ekki stuðningsnet sem er hægt að leita til (t.d. innflytjendur ekki með foreldra til að passa, einstæðir foreldrar, fólk án stuðningsnets) og gæti þýtt aukin fjölskylduabyrgð annarra, t.d. maka, svo að viðkomandi geti tekið þátt í hakaþoninu. Þá þarf að huga að kyni og öðrum breytum þátttakenda til að átta sig á mögulegum áhrifum, en þessar upplýsingar liggja ekki fyrir.**

Tillaga 8. Menning, listir, íþróttir og viðburðahald

Tillaga 8. Menning, listir, íþróttir og viðburðahald

Unnar verði tillögur um aðgerðir og viðspyrnu í menningar-, íþrótt- og listalífi Reykjavíkurborgar í samvinnu við Bandalag íslenskra listamanna, ÍBR o.fl. Tillögur liggja fyrir í maí n.k.

Menningarstyrkjaþottur

Framlag í menningarstyrkjaþott var aukið um 30 m.kr. vegna aðgerða til að efla menningar- og listalíf í Reykjavík vegna Covid-19. Markmiðið með aðgerðinni er að auka fjármagn til frumsköpunar og eflingar sköpunar og lista í Reykjavík og styðja um leið við verkefni sjálfstætt starfandi listafólks.

Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að úthlutunarreglur verði einfaldar og veittir styrkir til verkefna sem örva sköpunargleði, listræn verkefni, samræður og menningarlegt framboð í borginni til lengri og skemmri tíma. Sjóðurinn verði ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Faghópi með fulltrúum frá Bandalagi íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar Íslands verði falið að meta umsóknir og gera tillögur til menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um úthlutun. Umsóknarferlið verði jafnframt einfaldað til muna frá því sem nú er og menningar- og ferðamálasviði falið að útfæra það (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19—Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi.*, 2020). Í jafnréttisskimun með tillögunni er tekið fram að farið verði eftir styrkjareglum borgarinnar, þar sem m.a. er tekið mið af mannréttindastefnu borgarinnar.

Alls voru veittir 63 styrkir. Heildarfjárhæð úthlutunar var 43.250 þús kr. Upphæð styrkja var ýmist 500.000 eða 750.000 kr. Alls fengu kvenkyns listamenn 23 styrki (37%), karlkyns listamenn fengu 15 styrki (24%) og 25 styrkir (40%) voru veittir til ýmskonar listafélaga og er ekki gerð tilraun til að greina þá styrki eftir kyni þeirra sem njóta góðs af styrknum. Þegar úthlutaðar upphæðir eru skoðaðar eftir kyni styrkþega má sjá að 35% af fjármagninu fór til verkefna kvenna, 24% til verkefna karla og 40% í verkefni sem eru á vegum félaga sem ekki liggja fyrir kyngreindar upplýsingar um. Meðalfjárhæð styrkja sem veittir voru til kvenlistamanna var 663.000 kr, en meðalfjárhæð styrkja sem veittir voru til karla var 700.000 kr. Að meðaltali fengu konur því úthlutað lægri styrk en karlar.

- **Samkomutakmarkanir vegna Covid-19 hafa haft mikil áhrif á umhverfi og tekjumöguleika sjálfstætt starfandi listafólks og hönnuða. Um fjölbreyttan hóp er að ræða, og er líklegt að**

fjármagnið nýttist fólki af öllum kynjum. Þó er ákveðin kynjaskipting viðloðandi í listaheiminum, þar sem karlar eru t.d. fjölmennari í hópi tónskálda á meðan konur eru fjölmennari í hönnun og dansi.

Íbúaráð – sumarstyrkir

Frétt um styrkjaveitingu á íslensku birtist á vefsíðu Reykjavíkurborgar 15. maí 2020 (Reykjavíkurborg, 2020b). Tilbúið umsóknareyðublað og upplýsingar um styrki var aðgengilegt á síðu Reykjavíkurborgar á þremum tungumálum – íslensku, ensku og pólsku. Upplýsingar um styrkina voru auglýstar á Fésbókar-síðum Reykjavíkurborgar þar á meðal á ensku síðunni „*Living in Reykjavik*“ og pólsku síðunni „*Reykjavik Nasze Miasto*“, og svo á hópum innflytjenda á Fésbókinni. Íbúaráð hverfanna sáu sjálf um að auglýsa styrkina á eigin Fésbókar síðum. Upplýsingar um úthlutaða styrki voru birtar á heimasíðu borgarinnar (Reykjavíkurborg, 2020c).

Faghópur sem samanstóð af tveimur konum og einum karli lagði mat á umsóknir um styrki. Í matinu var horft til Styrkjahandbókar um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga, og að markmið verkefna sem sótt var um samræmdist markmiðum styrkjaveitingar. Faghópurinn vakti þá athygli á því hvort verkefni þarfnaðist leyfi, hvort verið væri að nota borgarlandið, hvort verkefni hafi verið styrkt áður og svo var passað upp á að svipað verkefni væri ekki í gangi á sama tíma. Mat faghópsins var sent íbúaráðum með umsóknum styrki þar sem ákvarðanir um styrkveitingu voru teknar á lokuðum fundum. Formenn íbúaráða vildu ekki útiloka að stofnanir borgarinnar gætu sótt um styrki og sama átti við íþróttafélög í hverfum.

Í umsóknareyðublaðinu þurftu umsækjendur að tilgreina jafnréttismarkmið verkefnisins og hvernig verkefnin samræmist mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Í töflu 2 má sjá yfirlit um kyn umsækjanda um styrki og sundurliðun á hlutfalli umsókna sem voru samþykktar. Með kyni umsækjanda er átt við kyn þess aðila sem var merktur á umsóknareyðublaði sem ábyrgðaraðili verkefnisins.

Almennt sóttu jafn margar konur (52%) og karlar (48%) um styrki frá íbúaráðum Reykjavíkurborgar, þó að staðan sé mismunandi eftir hverfum. Í tveimur tilvikum var ekki hægt að skilgreina kyn umsækjanda. Áberandi fleiri konur sóttu um styrki í Breiðholti (68%) og í Vesturbænum (63%) en aftur á móti sóttu fleiri karlar um styrki í Árbæ og Norðingaholti (64%) og Grafarvogi (62%). Almennt var jafn mörgum umsóknum hafnað meðal karla og kvenna.

Almennt fengu jafn margir karlar (49%) og konur (51%) úthlutað styrkjum frá íbúaráðum. Það má nefna að afgerandi fleiri karlar (75%) fengu styrki í Grafarholti og Úlfarsárdal en mjög fáar umsóknir bárust í þessu hverfi sem gæti útskýrt þennan mun. Í Breiðholti fengu fleiri konur úthlutað styrkjum en hlutfall kvenna af umsækjendum í Breiðholti var hærra en karla.

Tafla 13. Umsækjendur og úthlutanir styrkja eftir kyni.

Íbúaráð	Umsóknir			Samþykktar umsóknir			Árangurshlutfall		
	Konur (%)	Karlar (%)	Óþekkt (%)	Konur (%)	Karlar (%)	Óþekkt (%)	Konur (%)	Karlar (%)	Óþekkt (%)
Árbær og Norðlingaholt (n=25)	32%	64%	4%	38%	62%	0%	63%	50%	0%
Breiðholt (n=25)	68%	32%	0%	69%	31%	0%	53%	50%	0%
Grafarholt og Úlfarsárdalur (n=8)	50%	50%	0%	25%	75%	0%	25%	75%	0%
Grafarvogur (n=13)	38%	62%	0%	36%	64%	0%	80%	88%	0%
Háaleiti og Bústaðir (n=9)	44%	56%	0%	44%	56%	0%	100%	100%	0%
Kjalarnes (n=9)	56%	33%	11%	60%	40%	0%	60%	67%	0%
Laugardalur (n=23)	57%	43%	0%	54%	46%	0%	54%	60%	0%
Miðborg og Hlíðar (n=30)	47%	53%	0%	55%	45%	0%	79%	56%	0%
Vesturbær (n=19)	63%	37%	0%	58%	42%	0%	58%	71%	0%
Samtals (n=161)	52%	48%	0%	51%	49%	0%	62%	64%	0%

Í töflu 3 má sjá upphæðir styrkja frá íbúaráðum flokkuð eftir kyni. Almennt fengu konur 53% af fjármagninu sem var til ráðstöfunar en karlar 47%.

Tafla 14. Upphæð styrkja eftir kyni styrkþega.

Íbúaráð	Konur		Karlar	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Árbær og Norðlingaholt	710.000 kr.	25%	2.120.000 kr.	75%
Breiðholt	2.815.000 kr.	61%	1.795.000 kr.	39%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	30.000 kr.	7%	384.000 kr.	93%
Grafarvogur	1.330.000 kr.	38%	2.128.500 kr.	62%
Háaleiti og Bústaðir	672.000 kr.	42%	921.000 kr.	58%
Kjalarnes	575.500 kr.	76%	180.500 kr.	24%
Laugardalur	1.908.000 kr.	55%	1.530.000 kr.	45%
Miðborg og Hlíðar	2.771.000 kr.	54%	1.508.000 kr.	46%
Vesturbær	2.415.000 kr.	69%	1.061.000 kr.	31%
Samtals	13.226.500 kr.	53%	11.628.000 kr.	47%

Þegar umsóknir eru skoðaðar eftir tungumáli umsóknar (sjá töflu 4) þá kemur í ljós að meirihluti umsókna voru á íslensku (86%) og aðeins 14% á öðrum tungumálum sem var í öllum tilfellum enska þótt umsóknareyðublað væri líka aðgengilegt á pólsku. Aðeins 7% af umsóknum sem voru á ensku voru samþykktar, og voru þær allar í Vesturbæ og Miðborg og Hlíðum.

Tafla 15. Umsóknir um styrki íbúaráða eftir tungumáli umsókna.

Íbúaráð	Tungumál umsóknar				Samþykktar umsóknir			
	Íslenska		Önnur en íslenska		Íslenska		Önnur tungumál	
	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
Árbær og Norðlingaholt	24	96%	1	4%	13	100%	0	0%
Breiðholt	22	88%	3	12%	13	100%	0	0%
Grafarholt og Úlfarsárdalur	6	75%	2	25%	4	100%	0	0%
Grafarvogur	12	92%	1	8%	11	100%	0	0%
Háaleiti og Bústaðir	9	100%	0	0%	9	100%	0	0%
Kjalarnes	9	90%	1	10%	5	100%	0	0%
Laugardalur	22	96%	1	4%	13	100%	0	0%
Miðborg og Hlíðar	21	70%	9	30%	15	75%	5	25%
Vesturbær	14	74%	5	26%	10	83%	2	17%
Samtals	139	86%	23	14%	93	93%	7	7%

Stuðningur við íþrótt- og æskulýðsfélög

Í samræmi við sameiginlegar tillögur ÍTR og ÍBR var lagt til við borgarráð að veittar yrðu 80 m.kr. til að styrkja íþrótt- og æskulýðsfélög vegna viðspyrnu vegna Covid 19 og að veittar verði 55 m.kr. til að mæta viðhaldsókum íþrótt- og æskulýðsfélaga. Samtals nemur kostnaður við tillöguna 135 m.kr. (Tillaga um stuðning við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna Covid-19, 2020). Þau atriði sem horft var til voru:

- Tekjutap félaga vegna útleigu eigin mannvirkja
- Aukinn kostnaður vegna reksturs barna- og unglingastarfs
- Viðhaldsókir félaga vegna eigin mannvirkja

ÍTR og ÍBR var falið að útfæra styrkveitingar til einstaka félaga. Markmið tillögunnar var að koma til móts við þau áhrif sem Covid-19 hefur haft á rekstur íþrótt- og æskulýðsfélaga, t.d. vegna samkomubanns og annarra sóttvarnaraðgerða. Á fundi borgarráðs 10.september 2020 var samþykkt

að veita styrkina og var þeim skipt í þrjá flokka A, B og C (*Styrkir til íþróttafélaga vegna Covid-19, 2020*). Í jafnréttisskimun með verkefninu kemur fram að fjárhagsvandi íþrótta- og æskulýðsfélaga í Reykjavík sé mikill. Tillagan er sögð nýttast öllum iðkendum félagana óháð kyni, uppruna ofl.

Þegar úthlutanir til íþróttafélaga eru skoðaðar eftir iðkendatali félaganna má sjá að kynjahlutföll íþróttafélaganna sem fengu starfsstyrki voru með þeim hætti að karlar voru 63% iðkenda og konur 37% iðkenda (*18b. Tillögur vegna styrkja, e.d.*).

Tafla 16. Starfsstyrkir til íþróttafélaga.

Félag	Iðkendur		Upphæð styrks
	Karlar (%)	Konur (%)	
KR	65%	35%	10.038.632
Valur	62%	38%	9.454.830
Fram	64%	36%	6.115.620
Þróttur	63%	37%	2.917.453
Ármann	52%	48%	4.791.676
Víkingur	62%	38%	6.678.524
ÍR	60%	40%	7.250.115
Fylkir	46%	54%	6.681.299
Fjölnir	50%	50%	6.552.830
Ungmennafélag Kjalnesinga	75%	25%	535.837
TBR	63%	37%	1.326.693
Íþróttafélag fatlaðra, Reykjavík	63%	37%	782.663
Leiknir	75%	25%	671.591
Hestamannafélagið Fákur	44%	56%	560.519
Golfklúbbur Reykjavíkur	66%	34%	733.298
Karatefélagið Þórshamar	69%	31%	603.714
Skvassfélag Reykjavíkur	82%	18%	401.093
Klifurfélag Reykjavíkur	62%	38%	295.181
Skylmingafélag Reykjavíkur	70%	30%	295.181
Íþróttafélagið Ösp	57%	43%	295.181
Dansfélag Reykjavíkur	36%	64%	295.181
Skautafélag Reykjavíkur	21%	79%	590.361
Sundfélagið Ægir	48%	52%	295.181
Aikikai Reykjavík	68%	32%	295.181
Jiu Jitsufélag Reykjavíkur	60%	40%	295.181
Vélhjólaiþróttaklúbburinn	90%	10%	295.181
Hjólreiðafélag Reykjavíkur	70%	30%	295.181
Hnefaleikafélag Reykjavíkur	74%	26%	295.181
Hnefaleikafélagið Æsir	69%	31%	295.181
Íþróttafélagið Drekkinn	52%	48%	295.181
Keilufélag Reykjavíkur	65%	35%	295.181
Rathlaupafélagið Hekla	55%	45%	295.181
Frisbíggölfélag Reykjavíkur	83%	17%	295.181
Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey	81%	19%	295.181
Skíðagöngufélagið Ullur	58%	42%	295.181
Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur	68%	32%	295.181
Samtals	63%	37%	72.000.006

Þegar úthlutanir styrkja til íþróttafélaga vegna viðhaldsverkefna eru skoðaðar eftir iðkendatali félaganna má sjá að kynjahlutföll íþróttafélaganna sem fengu styrki vegna viðhaldsverkefna voru með þeim hætti að karlar voru 60% iðkenda og konur 40% iðkenda.

Tafla 17. Styrkir til íþróttafélaga vegna viðhaldsverkefna.

Félag	Iðkendur		Upphæð styrks
	Karlar (%)	Konur (%)	
KR	65%	35%	8.000.000
Valur	62%	38%	8.000.000
Fram	64%	36%	5.500.000
Ármann	52%	48%	4.500.000
Víkingur	62%	38%	8.000.000
ÍR	60%	40%	3.000.000
Fylkir	46%	54%	6.000.000
TBR	63%	37%	5.000.000
Júðófélag Reykjavíkur	85%	15%	1.000.000
Dansfélagið Bíldshöfði	32%	68%	2.000.000
Samtals	60%	40%	51.000.000

Styrkir sem úthlutað var til æskulýðsfélaga nam 12 m.kr., eða 9% af heildarupphæðinni.

Tafla 18. Styrkir til æskulýðsfélaga.

Æskulýðsfélag	Upphæð	Tegund styrks
Skátasamband Reykjavíkur	4.000.000	Viðhaldsverkefni
Skátasamband Reykjavíkur	5.000.000	Starfsstyrkur
KFUM og KFUK	3.000.000	Starfsstyrkur
Samtals	12.000.000	

- Rétt er að benda á að úthlutun fjármagns til íþróttafélaganna hefur vissulega kynja- og jafnréttisáhrif sem vert er að horfa til. Kynjahlutföll iðkenda á aldrinum 6-18 ára í hverfisíþróttafélögum Reykjavíkur voru árið 2019 með þeim hætti að stúlkur voru 44% iðkenda og drengir 56%. Hlutfall barna af erlendum uppruna á sama aldri var 3,5% af iðkendum í hverfisíþróttafélögunum (Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar, 2020). Fyrri úttektir borgarinnar hafa sýnt fram á ákveðinn kynjamun þegar kemur að íþróttaiðkun og fjármagni sem veitt er til íþróttafélaganna í Reykjavík. Í skýrslu um nýtingu á Frístundakortinu kemur fram að fjöldi drengja í skipulögðu íþróttastarfi sem er styrkt af Reykjavíkurborg er 33% meiri en fjöldi stúlkna. Einnig kemur fram að drengir á aldrinum 6-18 ára stunda fleiri íþróttagreinar en stúlkur á sama aldri. Einnig er nokkur munur á hvaða íþróttagreinar eru vinsælastar, hjá drengjum er það fótbolti og hjá stúlkum fimleikar (Ásdís Ásbjörnsdóttir o.fl., 2012). Þá virðist meðalstyrkur ÍTR á hvern karlkyns iðkanda vera hærri en meðalstyrkur á hvern kvenkyns iðkanda (Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar, 2016, bls.). Þá hefur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa undanfarin ár unnið að því að gera jafnréttisúttektir á starfsemi hverfisíþróttafélaganna í Reykjavík. Helstu niðurstöður þess verkefnis eru að bregðast þurfi við ójafnvægi í kynjahlutföllum iðkenda, vinna gegn staðalmyndum kynjanna og stuðla að fræðslu um mannréttindi og margbreytileika.

Efling miðborgar sem áfangastaðar í sumar

Fjárheimildir Umhverfis- og skipulagssvið voru hækkaðar um 50.000 þ.kr. vegna aðgerða sem miða að því að efla miðborgina sem sjálfstæðan áfangastað sumarið 2020. Með þessu er stutt við atvinnulíf á svæðinu ásamt því að bjóða upp á lífandi mannlíf og menningu.

Mannlíf og menning var eflað með margvíslegum hætti, svo sem fjölbreyttir viðburðir, endurhönnun borgarrýmis, hreinsun og umhirða. Auglýst var eftir styrkjum til verkefna sem stuðla að samstarfi borgar og aðila í miðborginni þann 20.maí og var umsóknarfrestur til 31.maí. Hámarksupphæð styrkja var 500.000 kr. Helstu skilyrðin sem voru fyrir styrkveitingunni voru:

- Verkefnið skal glæða borgina lífi og varpa ljósi á fjölbreytileika miðborgarinnar
- Verkefnið skal vera samstarfsverkefni hið minnsta tveggja aðila í miðborginni
- Verkefnið skal fara fram á tímabilinu frá júní – Ágúst 2020
- Margir fái að njóta

Alls bárust 60 umsóknir en 37 fengu úthlutað styrk. Heildarúthlutun styrkja var 10.780.000 kr. Meðal verkefna sem hlutu styrk var götubiti, tónlist, dans, myndlist og sirkusdagskrá (Reykjavíkurborg, 2020a, 2020d). Ekki liggja fyrir kyngreindar upplýsingar um úthlutun styrkja að svo stöddu, en skv. verkefnastjórum var fjölbreytni höfð að leiðarjosi í verkefninu og kynjahlutföll voru skoðuð, en ekki kom til þess að þurfa að velja og hafna viðburði vegna kyns eða uppruna. Við val á viðburðum sem voru styrktir var sérstaklega horft til að draga fram fjölbreytileika miðborgarinnar þar sem við öll eigum rödd óháð kyni og uppruna. Sérstaklega var stutt við fjölbreytta viðburði og gætt að því að styðja við viðburðahaldara af erlendum uppruna. Auk styrkjaúthlutunar var vinnuframlag frá starfsfólki USK og MOF og ráðið var í fjögur stöðugildi á Fiskislóða sem hafði verkefnið Sumarborgin 2020 á sinni könnu, og var kynjaskipting starfsfólksins jöfn.

Í jafnréttisskimun með tillögunni kemur fram að hugað sé að því að gott aðgengi sé að svæðum og viðburðum í Sumarborginni 2020 og að stutt sé við viðburðahaldara af erlendum uppruna, þannig að tillagan hefur jákvæð áhrif á stöðu jaðarsettra hópa með því að auka atvinnutækifæri og aðgengileika að afþreyingu, menningu og útivist í borginni.

Tafla 19. Greiðslur vegna viðburða.

Kostnaðarliður	Upphæð
Listafólk og viðburðarhaldarar (aðkeypt vinna)	10,000,000
Tæknimál (hljóð, ljós, svið)	1,500,000
Markaðsmál	1,500,000
Húsnæði (Aðalstræti)	1,000,000
Verkefnastjórn	1,000,000
Verktakagreiðslur (ráðgjöf)	3,000,000
Götugögn - Efniskaup	27,000,000
Fast starfsfólk Fiskislóðar	2,925,000
Greiningar	2,075,000
Samtals	50,000,000

- Í skilyrðum fyrir úthlutun kemur fram að markmið úthlutunar sé að viðburðir sem styrktir eru nái *til sem flestra*. Vert er að benda á að sé þetta markmið túlkað mjög bókstaflega getur sú túlkun útilokað verkefni sem miða sérstaklega að fámennum minnihlutahópum.
- Hægt hefði verið að tengja skilyrði fyrir úthlutun fjármagns betur við mannréttindastefnu borgarinnar.

Tillaga 9. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir

Tillaga 9. Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir

Nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir sem viðbrögð gegn atvinnuleysi verða þróaðar tímalega einsog tilefni verður til. Unnið verði í samvinnu við ríkið og aðila vinnumarkaðarins þar sem sérstaklega verði lögð áhersla á hópa sem skv. greiningum verða illa úti í ástandinu, s.s. einyrkja, fólk af erlendum uppruna og konur. Áhersla verði lögð á að bjóða starfstækifæri, starfsnám og íslenskukennslu og aðra menntun á atvinnuleysisbótum.

Í tillögunni kemur fram að mikilvægt sé að bregðast skjótt við með aðgerðum sem koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi með sérstakri áherslu á þá hópa sem eru útsettir fyrir að verða illa úti í breyttu atvinnuástandi. Lagt er til að áherslan verði einkum á fjóra hópa: einyrkja og stjálftætt starfandi, námsmenn, innflytjendur og vinnufæra einstaklinga (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir*, 2020). Vinnumarkaðsaðgerðunum var skipt í þrjá fasa, sumar 2020, haust 2020 og lengri tíma aðgerðir 2021. Í fyrsta fasa voru ráðningar námsmanna í sumarstörf ásamt því að hefja ráðningar einstaklinga í 200 störf. Annars vegar ráðningar einstaklinga með bótarétt í 100 störf í samvinnu við ríkið og hins vegar ráðningar einstaklinga á fjárhagsastoð án bótaréttar í 100 störf í samvinnu við velferðarsvið (*Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir*, 2020; *Græna planið—Mótun á nýju fyrirkomulagi á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19*, 2020).


Sumarstörf

Á tímabilinu apríl til maí 2020 voru gerðar 29 auglýsingar í 50skills vegna vinnumarkaðsaðgerða Reykjavíkurborgar í kjölfar Covid 19. Í töflu 9 má sjá helstu niðurstöður úr ráðningum hjá sviðum Reykjavíkurborgar. Alls bárust 3.160 umsóknir um störf. Af þeim var 1.168 umsækjendum hafnað í kerfunum og 1.499 ekki hafnað í kerfunum. Þá voru 53 umsóknir dregnar til baka, 29 höfðu starfstilboði og 411 hlutu ráðningu.

Tafla 20. Niðurstöður ráðninga vegna vinnumarkaðsaðgerða.

	Umsóknir (n)	Ráðningar (n)	Hafnanir (n)	Ekki hafnað (n)	Umsókn dregin til baka (n)	Höfðuðu starfi (n)
USK	482	40	327	109	6	0
ÞON	452	14	438	0	0	0
ÍTR	342	43	194	105	0	0
VEL	639	149	0	425	36	29
SFS	551	95	0	456	0	0
MOF	479	10	209	260	0	0
Biðlisti fyrir 17 ára	215	60	0	144	11	0
Alls	3.160	411	1.168	1.499	53	29

Á mynd 1 má sjá heildar hlutfall ráðninga vegna vinnumarkaðsaðgerða Reykjavíkurborgar eftir sviðum. Þá hlutu 14% umsækjenda ráðningu, 28% var hafnað í kerfinu, 55% fengu ekki svarbréf, 2% drógu umsókn sína til baka og 1% umsækjenda höfðu starfstilboði.



Mynd 2. Ráðningar í gegnum vinnumarkaðsráðningar sumarið 2020.

Af umsækjendum voru 58% konur (1818 umsóknir), 42% karlar (1329 umsóknir) og 0,4% sögðust vera hvorki karl né kona (13 umsóknir). Ef skoðaðar eru umsóknir frá 18 ára og eldri sóttu hlutfallslega fleiri konur um störf hjá menningar- og ferðamálasviði og hlutfallslega fleiri karlmenn um störf á íþrótt- og tómstundasviði.

Tafla 21. Kynjahlutföll umsækjenda.

	Karlar	Konur	Kynsegin/Annað
USK	43%	57%	0%
PON	48%	52%	0%
ÍTR	50%	49%	1%
VEL	38%	61%	0%
MOF	34%	65%	1%
Biðlisti fyrir 17 ára	52%	48%	0%
Heildar	42%	58%	0.4%

Samkvæmt tölum vinnumálastofnunar voru um 7.000 manns atvinnulaus í Reykjavík í apríl og maí árið 2020⁹, eða um 9% atvinnuleysi. Kynjaskiptingin var með þeim hætti að 57% voru karlar og 43% konur. Flest voru á aldrinum 25-34 ára. Flest þau sem voru atvinnulaus unnu í atvinnugreinunum gisting og veitingar, verslun og ýmis sérhæfð þjónusta. Um er að ræða störf þjónustufólks og verkafólks. Um 62% atvinnulausra í apríl og maí voru íslenskir ríkisborgarar, 17% pólskir ríkisborgarar og 21% voru með annað erlent ríkisfang. Hlutfallslegt atvinnuleysi er hærra meðal erlendra ríkisborgara heldur en íslenskra.

Vinnumarkaðsúrræði


Starfsauglýsingar voru sendar til Vinnumálastofnunar sem miðlaði fólki af sinni skrá til Reykjavíkurborgar. Störfin voru því ekki auglýst opinberlega. Alls voru í boði 200 störf, annarsvegar sem vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur með bótarétt (100 störf) og hins vegar vinnumarkaðsúrræði fyrir þau sem sækja um fjárhagsaðstoð (100 störf). Störf fyrir einyrkja voru ekki auglýst sérstaklega og reyndist erfitt að nálgast þann hóp sérstaklega hjá Vinnumálastofnun.

Á árinu 2020 var ráðið í samtals 79 störf sem hluta af sérstækum vinnumarkaðsaðgerðum, 61 störf fyrir þau sem voru atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun með bótarétt og 18 störf hjá þeim sem sóttu um fjárhagsaðstoð. Af þeim sem voru ráðin voru 14% úr hópi innflytjenda.

⁹ Almennt atvinnuleysi án minnkaðs starfshlutfalls

Tafla 22. Ráðningar í störf eftir kyni.

	Karlar	Konur
Vinnumálastofnun	21 (34%)	40 (66%)
Fjárhagsaðstoð	10 (56%)	8 (44%)
Alls	31 (39%)	48 (61%)



Mynd 3. Ráðningar eftir aldursbili.

Íslenskukennsla fyrir erlenda einstaklinga á fjárhagsaðstoð hófst í janúar. Það var tíu manna hópur sem mætti í kennslu fjórum sinnum í viku - tvo tíma í senn og stóð námskeiðið yfir í fimm vikur. Næsta námskeið hefst í byrjun mars 2021 og þá hefst einnig íslenskukennsla fyrir starfsmenn Reykjavíkurborgar sem hafa litla íslenskukunnáttu og voru ráðnir í gegnum vinnumarkaðsaðgerðir. Áætlað er að það námskeið standi í þrjá mánuði og verður kennsla einu sinni í viku.

- **Aðgerðin átti einnig að ná til einyrkja, en þar sem störfín voru ekki auglýst heldur fóru í gegnum Vinnumálastofnun er ekki víst að þau hafi náð að fullu til þess hóps.**

Tillaga 11. Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt

Tillaga 11. Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt

Samkeppnum um skipulag og hönnun fjárfestingarverkefna verði flýtt og gerð deiliskipulags vegna þeirra verði sett í forgang. Þar er meðal annars um að ræða samkeppnir um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur á umferðarmiðstöðvarreit, samkeppni um stærra borgarbókasafn í Grófarhúsi, samkeppni um endurnýjun og endurgerð Laugardalslaugar og stúku Laugardalslaugar, samkeppni um nýja skóla, fjölgun ungbarnadeilda og nýrra leikskólalássa sem hluti af Brúum bilið, markaðskönnun á bílastæðahúsi, samkeppni um Fógeta-torg/Víkurgarð, skipulag nýrra hverfiskjarna í Arnarbakka og Völvufelli og hugsanlega víðar.

Í borgarráði 25. maí 2020 var lagður fram viðauki við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020 þar sem lagt var til að flýta ýmsum fjárfestingaverkefnum til að veita viðspyrnu við fyrirséðu atvinnuleysi af

völdum covid-19. Í skjalinu eru 13 tillögur sem eru sundurliðaðar eftir verkefnum. Flýtiverkefnunum var skipt í þrjá flokka, sjá töflu 12.

Tafla 23. Flokkar fjárfestingarverkefna.

Nr.	Flokkur	Fjöldi verkefna
Flokkur 1	Flýtingar á verklegum framkvæmdum við uppbyggingu innviða	15
Flokkur 2	Ýmis meiriháttar viðhalds- og endurnýjunarverkefni sem hægt er að flýta	10
Flokkur 3	Verkefni þar sem kapp er lagt á að hraða nauðsynlegri undirbúnings- og hönnunarvinnu ýmissa verkefna s.s með samkeppni og hönnun verkefna í framhaldi	6

Talsverður meirihluti starfa sem þessar tillögur koma til með að skapa eru það sem kalla má „karlastörf“ miðað við kynjaskiptingu innan þessara starfa eins og staðan er í dag. Yfirgnæfandi meirihluta starfanna eru á sviði verklegra framkvæmda, malbikunar, viðhalds húsa, nýbygginga, viðgerða, endurgerð lóða o.s.v.fr. Þau sem falla í flokk þrjú má telja ögn kynjablandaðri en þau vega ekki endilega upp á móti hve karllæg atvinnutækifæri skapast í tengslum við verkefnin í flokkum eitt og tvö. Eins og má skilja þessar tillögur núna eru verkefnin í flokki þrjú helst hönnunarsamkeppnir, og undirbúningur þeirra, í tengslum við væntanlegar framkvæmdir.

Í þessu samhengi var gerð óformleg rannsókn á kynjaskiptingu innan Arkitektafélags Íslands og leiddi hún í ljós að þar eru konur um 42% félagsfólks en karlar 58% (N=391). Út frá því og svo lista Mannvirkjastofnunar yfir hönnuði, þar sem kynjaskiptingin er enn skýrari körlum í vil, er erfitt að halda því fram að verkefnin í flokki þrjú séu neitt mikið líklegri til að skapa atvinnutækifæri fyrir konur.

Aftast í viðaukanum er sýnt hvar fjármagni var bætt í verkefni og hvar ekki. Það er áhugavert að undir Velferðarsviði eru talin upp fjögur verkefni en ekkert þeirra fékk aukið fjármagn. Þar hefði bæði mátt skapa störf sem er líklegt að bæði konur og karlar sæki í miðað við stöðuna á kynjaskiptingu vinnumarkaðarins núna og það hefði mögulega bætt þjónustu við hópa sem þurfa á því að halda.

- **Sem atvinnuskapandi aðgerð þá nær verkefnið ekki nægilega vel til þeirra hópa sem hafa hvað helst verið að missa vinnuna vegna áhrifa heimsfaraldursins, en það er mikið til starfsfólk í ferðaþjónustu og ferðaþjónustu tengdum greinum, ungt fólk, konur og fólk af erlendum uppruna.**

Ábendingar Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Fyrstu aðgerðir Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19 voru að mörgu leyti fjölbreyttar og náðu til margra ólíkra hópa. Margar aðgerðanna voru vel heppnaðar. Hér má sjá helstu athugasemdir starfsfólks mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um hvað má betur fara.

- Almennt bendir ekkert til þess að markvist hafi verið horft til kynja- og jafnréttissjónarmiða við útfærslu á tillögunum, þrátt fyrir að gátlisti hafi verið sendur á sviðin og starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu hafi boðið fram ráðgjöf og stuðning.
- Mikið af fjármagninu er sett í byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð. Slíkar aðgerðir skapa fremur störf í atvinnugreinum og starfsstéttum þar sem karlmenn eru í miklum meirihluta, ásamt því að ná ekki endilega til þeirra hópa sem hafa misst vinnuna vegna áhrifa heimsfaraldursins. Atvinnuleysi vegna Covid-19 hefur verið mest í einkennandi greinum ferðaþjónustu, en þar vinnur að jafnaði mikið af ungu fólki, konum og fólki af erlendum uppruna.
- Með því að skapa fjölbreyttari störf og að hugsa út fyrir kassann væri hægt að ná til fjölbreyttari hóps fólks.
- Störf sem eru sköpuð í velferðar- og félagsþjónustu eru líkleg til að nýtast fjölbreyttari hópi fólks, þau stuðla að aukinni þjónustu við viðkvæma hópa, draga úr ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum og fjármagnið sem er veitt í þau fer ekki að stórum hluta í efniskostnað, líkt og þegar um byggingarframkvæmdir er ræða.
- Þær markvissu vinnumarkaðsaðgerðir sem farið var í sumarið 2020 voru vel úthugaðar og beindust að þeim hópum sem helst þurftu á að halda.
- Styrkir sem hafa það markmið að *ná til sem flestra borgarbúa* geta virkað útilokandi fyrir fámenna hópa og jaðarsetta hópa, þar sem möguleg verkefni sem miða til þeirra fá ekki brautargengi.
- Mikilvægt er að huga að því hvernig er unnt að ná betur til minnihlutahópa þegar kemur að styrkjum Reykjavíkurborgar. Ekki er nóg að umsóknir og upplýsingar séu á öðrum tungumálum, heldur þarf líka að vinna markvisst að því að ná til þessara hópa með öðrum hætti.
- Mikilvægt er að í nefndum og ráðum borgarinnar sem koma að úthlutun fjármagns séu einstaklingar sem hafa þekkingu á jafnréttismálum. Til að stuðla að þessu er t.d. hægt að hafa fræðslu um mannréttindi og jafnrétti fyrir meðlimi nefnda og ráða borgarinnar.
- Unnið er því að endurskoða styrkjaumhverfi borgarinnar, og er mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið séu þar höfð til hliðsjónar.
- Mikilvægt er að þau gögn sem er safnað sem tengjast aðgerðunum sé mögulegt að greina niður á ólíka þætti eins og kyn, aldur og uppruna.

Covid-19 faraldurinn er enn ekki yfirstaðinn og eftirköst hans eiga líklega eftir að vera langvinn. Það mun því koma í hlut Reykjavíkurborgar sem stjórnvalds og sem þjónustuveitanda að gera fleiri ráðstafanir varðandi rekstur og fjárfestingar til þess að stuðla að því að við sem samfélag komumst í gegnum Covid-19 á sem öruggastan og skilvirkastan hátt.

Heimildir

18b.Tillögur vegna styrkja, (Borgarráð). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18b_tillogur_vegna_styrkja.pdf

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Krísuhakk, Tbl. R20030002 (Borgarráð 5. nóvember 2020). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_r20030002_-_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19_-_krisuhakk.pdf

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sjálfvirknivæðing kjarnakerfa borgarinnar, Tbl. R20030002 (Borgarráð 26. mars 2020). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/24_r20030002_-_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_covid-19_-_sjalfvirknivaeding_kjarnakerfa_borgarinnar.pdf

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Sumarstörf og markvissar vinnumarkaðsaðgerðir, Tbl. R20030002 (Borgarráð 27. apríl 2020). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/54_r20030002_-_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19_-_sumarstorf_og_markvissar.pdf

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Vöruhús gagna, Tbl. R20030002 (Borgarráð 26. mars 2020). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/25_r20030002_-_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_covid-19_-_voruhus_gagna.pdf

Aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19—Aðgerðir og viðspyrna í menningar- og listalífi., Tbl. R20030002 (Borgarráð 28. apríl 2020). https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/53_r20030002_-_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19_-_adgerdir_og_vidspyrna_i_menningar_og_listalifi.pdf

Alma Dóra Ríkharðsdóttir. (2020). *Valdefling kvenna til nýsköpunar. Rannsókn á stöðu kvenna í nýsköpun á Íslandi út frá styrkjaúthlutunum úr samkeppnissjóðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem styðja við atvinnulíf og nýsköpun*. [Rannsóknarskýrsla fyrir Nýsköpunarsjóð námsmanna]. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/Ranns%C3%B3knarsk%C3%BDrsla%20-%20Alma%20Dora%20-%20NSN.pdf>

Ásdís Ásbjörnsdóttir, Bragi Þór Bjarnason, Jóhanna Garðarsdóttir, & Sólveig Valgeirsdóttir. (2012).

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanavinna. Tilraunaverkefni ÍTR. Frístundakortið.

Reykjavíkurborg.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokaskýrsla_fristundakort.pdf

Covid 19—Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, Tbl. R20060197 (Borgarráð 23. júní 2020).

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/37_r20060197_-_covid_19_-_borgarvakt_i_velferdar-_og_atvinnumalum.pdf

Elam, A., Brush, C., Greene, P., Baumer, B., Dean, M., & Heavlow, R. (2019). *Global entrepreneurship monitor: 2018/2019 Women's entrepreneurship report*. Global Entrepreneurship Research Association.

Fyrstu aðgerðir Reykjavíkur til viðspyrnu vegna Covid-19—Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum, Tbl. R20030002 (Borgarráð 14. apríl 2020).

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/16a_r20030002_-_fyrstu_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19_-_borgarvakt_i_velferdar-_og_atvinnumalum.pdf

Fyrstu aðgerðir Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19 – Fyrstu markaðsaðgerðir fyrir árin 2020 og 2021, Tbl. R20030002 (Borgarráð 14. apríl 2020).

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/16b_r20030002_-_

_fyrstu_adgerdir_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19_-
_fyrstu_markadsadgerdir_fyrir_arin_2020_og_2021.pdf

Grünfeld, L., Hernes, S. M., & Karttinen, E. (2020). *Female entrepreneurship in the Nordics 2020—A comparative study*. Nordic Innovation.

Græna planið—Mótun á nýju fyrirkomulagi á markvissum vinnu- og virkniaðgerðum vegna stöðu á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19, Tbl. R20060016 (Borgarráð 17. nóvember 2020).

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/9_erindisbref_-_graena_planid_-_motun_a_nyju_fyrirkomulagi_a_markvissum_vinnu-_og_virkniadgerdum_vegna_stodu_a_vinnumarkadi._r20060016.pdf

Íris H. Halldórsdóttir. (2019). *Vinnuafli í ferðaþjónustu: Hvað á að rannsaka, með hvaða hætti og hvernig er staða mála á Íslandi?* Rannsóknarmiðstöð ferðamála.

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Styrkir íþrótt- og tómstundasviðs til íþróttafélaga: Dreifing á iðkendur eftir kyni*. Reykjavíkurborg.

https://reykjavik.is/sites/default/files/itr_greining_a_styrkjauthlutun.pdf

Magnfríður Júlíusdóttir, & Íris H. Halldórsdóttir. (2019). *Erlent starfsfólk í ferðaþjónustu. Staðsetning og starfsumhverfi*. Rannsóknarmiðstöð ferðamála.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2020). *Kynlegar tölur 2020. Konur og karlar í Reykjavík*. Reykjavíkurborg.

https://reykjavik.is/sites/default/files/borg_kynlegartolur_isl_180520loka.pdf

Reykjavíkurborg. (2020a, apríl 30). *Mannlíf og menning fyrir alla í sumarborginni Reykjavík* [Text].

Reykjavíkurborg - Fréttir. <https://reykjavik.is/frettir/mannlif-og-menning-fyrir-alla-i-sumarborginni-reykjavik>

Reykjavíkurborg. (2020b, maí 15). *Styrkir íbúaráða til eflingar hverfisanda, mannlífs og menningar* [Text]. reykjavik.is. <https://reykjavik.is/frettir/styrkir-ibuarada-til-eflingar-hverfisanda-mannlifs-og-menningar>

Reykjavíkurborg. (2020c, júní 7). *Hundrað viðburða- og verkefnastyrkir íbúaráða* [Text]. reykjavik.is.

<https://reykjavik.is/frettir/hundrad-vidburda-og-verkefnastyrkir-ibuarada>

Reykjavíkurborg. (2020d, júní 24). *Tónlist, götubiti, dans, myndlist og sirkusdagskrá í sumar* [Text].

Reykjavíkurborg - Fréttir. <https://reykjavik.is/frettir/tonlist-gotubiti-dans-myndlist-og-sirkusdagskra-i-sumar>

Steinþórsdóttir, F. S., Einarsdóttir, Þ., Pétursdóttir, G. M., & Himmelweit, S. (2019). Gendered inequalities in competitive grant funding: An overlooked dimension of gendered power relations in academia. *Higher Education Research & Development*, 0(0), 1–14.

<https://doi.org/10.1080/07294360.2019.1666257>

Styrkir til íþróttafélaga vegna Covid-19, Tbl. 2020090012 (Borgarráð 10. desember 2020).

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/18a_styrkircovid.pdf

Tillaga að fyrstu aðgerðum Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19, Tbl. R20030002

(Borgarráð 26. mars 2020). [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_r20030221_-_tillaga_ad_fyrstu_adgerdum_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)

[items/14_r20030221_-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_r20030221_-_tillaga_ad_fyrstu_adgerdum_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)

[_tillaga_ad_fyrstu_adgerdum_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/14_r20030221_-_tillaga_ad_fyrstu_adgerdum_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)

Tillaga að jafnréttismati vegna fyrstu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19, Tbl.

R20030221 (Borgarráð 31. mars 2020). [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/42_r20030221_-_tillaga_ad_jafnrettismati_vegna_fyrstu_adgerda_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)

[items/42_r20030221_-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/42_r20030221_-_tillaga_ad_jafnrettismati_vegna_fyrstu_adgerda_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)
[_tillaga_ad_jafnrettismati_vegna_fyrstu_adgerda_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_co](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/42_r20030221_-_tillaga_ad_jafnrettismati_vegna_fyrstu_adgerda_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)
[vid-19.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/42_r20030221_-_tillaga_ad_jafnrettismati_vegna_fyrstu_adgerda_reykjavikurborgar_til_vidspyrnu_vegna_covid-19.pdf)

Tillaga um stuðning við íþrótt- og æskulýðsfélög vegna Covid-19, Tbl. R20090071 (Borgarráð 9. ágúst

2020). [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/6_tillaga_um_studning_vid_ithrotta-_og_aeskulydsfelog_vegna_covid-19_-_r20090071.pdf)

[items/6_tillaga_um_studning_vid_ithrotta-_og_aeskulydsfelog_vegna_covid-19_-](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/6_tillaga_um_studning_vid_ithrotta-_og_aeskulydsfelog_vegna_covid-19_-_r20090071.pdf)
[_r20090071.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/6_tillaga_um_studning_vid_ithrotta-_og_aeskulydsfelog_vegna_covid-19_-_r20090071.pdf)

Viðauki A. Gátlisti fyrir jafnréttismat á útfærslu aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19

Gátlistinn byggir á Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Hann á að hafa til hliðsjónar við útfærslur aðgerða til viðspyrnu vegna Covid-19 til að tryggja að kynja- og jafnréttissjónarmið séu hluti af þeim. Þegar búið er að útfæra tillögurnar eru þær jafnréttismetnar sbr. tillögu borgarstjóra, sem samþykkt var í borgarráði dags. 2. apríl 2020.

1. Hver er núverandi staða kynjanna og minnihlutahópa, svo sem innflytjenda, fatlaðs fólks, hinsegin fólks, ólíkra aldurshópa o.s.frv. á því sviði sem aðgerðin nær til?

Hér er gott að huga að tölulegum upplýsingum sem tengjast aðgerðinni ef þær eru til. Það er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar til að fá aðstoð við að finna þær. Netfang: freyja.barkardottir@reykjavik.is

Dæmi: Þegar fjöldi gesta Sundhallarinnar var skoðaður út frá kyni og aldri kom í ljós að karlar stunduðu Sundhöllina í mun meira mæli en konur og eldri aldurshópar meira en þeir yngri.

2. Mun staða kynjanna og minnihlutahópa breytast með aðgerðinni? Hvaða möguleg áhrif hefur hún á:
 - a. Konur?
 - b. Karla?
 - c. Innflytjendur?
 - d. Hinsegin fólk?
 - e. Fatlað fólk?
 - f. Ólíka aldurshópa?
3. Hefur verið farið í sambærilega aðgerð eða verkefni áður? Ef já hverjar voru afleiðingar hennar á:
 - a. Konur?
 - b. Karla?
 - c. Innflytjendur?
 - d. Hinsegin fólk?
 - e. Fatlað fólk?
 - f. Ólíka aldurshópa?
4. Hver er samsetning hópsins (eða þeirra hópa) sem kemur til með að vinna við aðgerðina? Hvert er hlutfall:
 - a. Kvenna?
 - b. Karla?
 - c. Innflytjenda?
 - d. Hinsegin fólk?
 - e. Fatlaðs fólks?
 - f. Ólíkra aldurshópa?

Dæmi: Hlutfall karla sem starfa í byggingariðnaði er mun hærra en hlutfall kvenna. Einnig er hlutfall innflytjenda hátt í þeim geira. Ef aðgerðin væri bygging nýs leikskóla þá myndu fleiri karlar en konur vinna við það en hins vegar eru konur í miklum meirihluta þeirra sem starfa í leikskólum. Athugið að aðgerðir geta haft mismunandi áhrif á ólíka hópa á hverju stigi.

5. Hver er samsetning hópsins (eða þeirra hópa) sem koma til með að njóta góðs af aðgerðinni? Hvert er hlutfall:
 - a. Kvenna?
 - b. Karla?
 - c. Innflytjenda?
 - d. Hinsegin fólk?
 - e. Fatlaðs fólks?

- f. Ólíkra aldurshópa?
6. Hefur aðgerðin það í för með sér að til verði þjónusta sem greitt er fyrir? Getur það haft útilokandi áhrif fyrir ákveðna hópa? Svo sem:
- a. Konur
 - b. Karla
 - c. Innflytjendur
 - d. Fatlað fólk
 - e. Hinsegin fólk
 - f. Ólíka aldurshópa

Til þess að meta áhrifin er mikilvægt að hafa vitneskju um almennan launamun þessara hópa, t.d. launamun kynjanna, launamun innflytjenda og þeirra sem eru af íslenskum uppruna sem og t.d. framfærslu öryrkja og aldraðra. Einnig geta upplýsingar um fjölda og bakgrunn þeirra sem nú eru atvinnulausir skipt máli. Það er hægt að hafa samband við verkefnisstjóra kynjaðar fjárhags- og starfsáætlunar til að fá aðstoð við þennan þátt.

7. Mun þessi aðgerð hafa afgerandi áhrif á ólaunuð heimilisstörf, eða það sem kallast hefur umönnunarhagkerfið?

Spurt er að þessu hér vegna þess að umönnunarhagkerfið hefur sterkan jafnréttisvinkil. Það eru oft viðkvæmustu hóparnir í samfélaginu sem bera mikinn þunga af ólaunuðum störfum og konur sinna þeim í mun meira mæli en karlmenn.

Dæmi: Þegar að hið opinbera tekur að sér að sinna veikum einstaklingum þá léttir á umönnunarhagkerfinu og ábyrgðin og sá tími sem fer í ólaunaða umönnunarvinnu minnkar. Þetta hefur mest áhrif á konur, sem bera hitann og þungann af umönnun, og gerir þeim kleift að sinna t.d. launuðum störfum í meiri mæli.